


FLE BLAÐIÐ



Félag löggiltra
endurskoðenda

75 ára

Janúar 2010

1. tölublað
32. árgangur

*Endurskipulagning
fjárskulda*

Ísland og IFRS

Fagpróun

Nýtt endurskoðendaráð,
hlutverk og starfsemi

Viðtöl við félagsmenn

Nýjar siðareglur
fyrir endurskoðendur





Útg: Félag löggiltra endurskoðenda ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð kynningarnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

Vinnsla blaðsins:

Kynningarnefnd FLE:

Sighvatur Halldórsson, formaður

Auðunn Guðjónsson

Helga Erla Albertsdóttir

Guðrún Torfhildur Gísladóttir

Prófarkalestur: Dýri Guðmundsson

Umsjón, myndir og viðtöl: Hrafnhildur Hreinsdóttir

Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja

Janúar 2010 32. árgangur 1. tölublað



Skrifstofa FLE, helstu upplýsingar

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15.

Sími: 568 8118

Tölvupóstfang: fle@fle.is

Vefsíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu FLE:

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri

sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri

fle@fle.is

Til hamingju með afmælið - árið 2010

85 ára	20.6.	<i>Porkell Skúlason</i>	40 ára	1.1.	<i>Anna Birgitta Geirfinnsdóttir</i>
85 ára	8.11.	<i>Gunnar R. Magnússon</i>	40 ára	21.1.	<i>Magnús Örn Ragnarsson</i>
80 ára	23.6.	<i>Guðjón Eyjólfsson</i>	40 ára	19.4.	<i>Eggert Þórarinn Teitsson</i>
75 ára	29.10.	<i>Sigurður Tómasson</i>	40 ára	23.4.	<i>Jónas Gestur Jónasson</i>
75 ára	18.12.	<i>Sveinn Jónsson</i>	40 ára	26.4.	<i>Hrafnhildur Helgadóttir</i>
70 ára	1.3.	<i>Guðni S. Guðafsson</i>	40 ára	20.6.	<i>Heimir Þorsteinsson</i>
70 ára	7.5.	<i>Þór Oddgeirsson</i>	40 ára	5.7.	<i>Egill Helgason</i>
70 ára	18.8.	<i>Sverrir Ingólfsson</i>	40 ára	30.7.	<i>Halldór Arnarsson</i>
70 ára	13.10.	<i>Þráinn Sigurjónsson</i>	40 ára	5.8.	<i>Andrés Hilmarsson</i>
70 ára	10.11.	<i>Birgir Ólafsson</i>	40 ára	8.8.	<i>Þorgerður Marinósdóttir</i>
60 ára	16.2.	<i>Sigurður Hafsteinn Pálsson</i>	40 ára	29.8.	<i>Birna Mjöll Rannversdóttir</i>
60 ára	27.9.	<i>Björn St. Haraldsson</i>	40 ára	15.10.	<i>Magnús Kr. Ingason</i>
60 ára	21.12.	<i>Jón Þ. Hilmarsson</i>	40 ára	17.10.	<i>Elías Illugason</i>
50 ára	21.2.	<i>H. Ágúst Jóhannesson</i>	40 ára	30.10.	<i>Íris Ólafsdóttir</i>
50 ára	3.4.	<i>Gunnar M. Erlingsson</i>	40 ára	21.11.	<i>Sif Einarsdóttir</i>
50 ára	17.4.	<i>Birkir Leósson</i>	30 ára	6.1.	<i>Helga Harðardóttir</i>
50 ára	24.5.	<i>Rögnvaldur Dofri Pétursson</i>	30 ára	14.2.	<i>Jón Sturla Jónsson</i>
50 ára	4.6.	<i>Ingólfur Hauksson</i>	30 ára	11.5.	<i>Jón Arnar Óskarsson</i>
50 ára	21.9.	<i>Anna Þórðardóttir</i>	30 ára	17.7.	<i>Birgir Karl Óskarsson</i>
50 ára	19.12.	<i>Kristján Eggert Jónasson</i>	30 ára	23.8.	<i>Jón Gunnsteinn Hjálmarsson</i>



Efni blaðsins:

Til hamingju með afmælið árið 2010.....	2
Nýkjörinn formaður Þórir Ólafsson tekinn tali.....	4
Áhrif endurskipulagningar fjárskulda á reikningsskil. <i>Jóhann Ioan Constantin Solomon</i>	5
Ísland og IFRS. <i>Erling Tómasson</i>	9
Fyrsta konan með löggildingu. <i>Viðtal við Guðríði Kristófersdóttur</i>	11
Konur í endurskoðun. <i>Ingunn H. Hauksdóttir</i>	13
Annað starfsumhverfi. <i>Guðmundur Páll Atlaon</i>	14
Löggildingin er einhvers staðar ofan í skúffu. <i>Viðtal við Sigurð Stefánsson</i>	16
Norræna endurskoðendasambandið. <i>Margret G. Flóvenz</i>	17
Starfsemi FLE. <i>Sigurður B. Arnþórsson</i>	18
Skattadagur FLE	20
Endurskoðunardagur FLE.....	20
Reikningsskiladagur FLE	21
Haustráðstefnan 2009.....	21
Frá aðalfundi félagsins	23
Lífið ein tilviljun. <i>Viðtal við Ólaf Nilsson</i>	24
Fagþróun. <i>Kristrún H. Ingólfssdóttir</i>	26
Stjórn og nefndir 2009 – 2010	28
Félagatalið – ætlaðu ekki að vera með? <i>Gunnlaugur Haraldsson</i>	29
Söguritun FLE. Kristján Sveinsson	29
Fær sjaldan kvef. <i>Viðtal við Halldór Hróarr Sigurðsson</i>	30
Nýir félagar árið 2010.....	31
Löggildingarpróf	31
Nýjar siðareglur fyrir endurskoðendur. <i>Guðmundur Snorrason</i>	32
Frá árshátíð á Akureyri 2009 og heimsókn í Bruggsmiðjuna	35
Nýtt endurskoðendaráð, hlutverk og starfsemi. <i>Bjarnveig Eiríksdóttir</i>	36
Úr félagslífinu	39



Nýkjörinn formaður tekinn tali

Þórir Ólafsson er formaður FLE og löggiltur endurskoðandi hjá PwC hf.

„Ég er að vestan“ segir hann kampakátur, uppalinn á Rauðamýri við Ísafjarðardjúp og staðfestir að það sé rétt, að helstu framámenn í stjórnámum og viðskiptalífi séu Vestfirðingar eins og haldið var fram í vestfirsku héraðsblaði í haust. Svo fer hann að hlæja og segir að auðvitað séu allir Íslendingar blandaðir og eigi ættir að rekja í ýmsar áttir.

Veðurtepptur í heilt ár

Hann var í barnaskólanum á Reykjanesi og fór síðan suður til Reykjavíkur og settist þar í áttunda bekk í Langholtsskóla. Í fyrstu reynir hann að telja mér trú um að ástæðan hafi verið „frábærir námshæfileikar hans“ en svo hættir hann að grínast og viðurkennir að erfitt hafi verið um vik að fá góðan undirbúning undir framhaldsnám í heimabyggð á þessum árum. Hann tók landspróf frá Héraðsskólanum að Laugarvatni og fór svo í Menntaskólann að Laugarvatni en þar sá hann Margréti konu sína fyrst. Á þessum árum fékk hann að kynnst atvinnulífinu vel, vann við virkjanaframkvæmdir, í frystihúsum og réri til sjós frá Þorlákshöfn. Svo var farið heim um jól og áramót oftast í leiðindaveðrum og honum reiknast svo til að hann hafi verið veðurtepptur í hátt í eitt ár ef allt væri talið saman.

Birtingarbann á tímamótaverki!

„Eftir stúdentsprófið tók ég mér tvö ár í frí“ segir hann „innritaði mig fyrst í lögfræði og síðan í verkfræði en mátti eiginlega ekki vera að því að vera í skóla á þessum árum.“ Hann endaði svo í viðskiptafræðinni og lauk þar öllum prófum vorið 1984 en átti ritgerðina eftir. Þá var hann orðinn aurlaus enda hafði námslánaumsóknum ítrekað verið hafnað á meðan á námi stóð, sem kom sér reyndar vel síðar þegar annars hefði komið að endurgreiðslum. Ýtti því ritgerðinni í nokkur ár á undan sér þar sem tekjuaflandi vinna og stofnun heimilis með konu og barni, og íbúðakaup höfðu forgang. Kláraði fyrir rest og bar ritgerðin heitið: „Um frávikaðferðir við gerð ársreiknings hjá Tryggingamiðstöðinni hf“ og var svo „einstök“ að hann ákvað að setja á hana 25 ára birtingarbann. Því er nýlengið og eflaust eiga endurskoðendur eftir að streyma niður á Landsbókasafn í flokkum til að kynna sér þetta tímamótaverk.

Endurskoðandi sem kann ekki að telja

Vinnan sem tafði hann frá ritgerðarsmíðinni var hjá endurskoðunardeild Reykjavíkurborgar og N. Manscher sem síðar varð PricewaterhouseCooper en þar byrjaði hann haustið 1984 og hefur því starfað hjá sama fyrirtækinu í yfir 25 ár. „Ég valdi endurskoðunarsvið í viðskiptafræðinni auk þess

að taka öll kjarnafög á reikningshalds- og fjármálasviði enda vissi ég þá ekki hvað endurskoðun var. Þegar ég hafði lokið löggildingarprófinu 1989 þá tók ég að mér að reka skrifstofu PwC á Akureyri. Upphaflega átti það að vera bara í þrjú ár, en „það er ekki gott til afspurnar fyrir endurskoðanda að kunna ekki að telja skammlaust upp að þremur, því árin fyrir norðan urðu rúmlega níu“ segir hann og ruggar sér aftur á bak í stólnum, ískyggilega nálægt hættumörkum.

Valentínusardagurinn

„Við Margrét hófum samvistir á Valentínusardegi árið 1982“ og hann mælir með því að menn noti merkisdaga til slíkra gjörða þar sem það hjálpar upp á minnið. „Við eigum tvö börn, dóttir okkar Salvör er fædd 1985 og Ólafur fæddist árið 1993 á Akureyri“ og hann verður hlýr í rómnum þegar hann talar um dvölinna fyrir norðan. „Okkur leið mjög vel þar og við kynntumst skemmtilegu fólki sem er í vínahópi okkar enn þann dag í dag.“

Frávik sjaldan í boði

Við ræðum um starf endurskoðandans. „Ég hef gaman af öllum verkefnum sem inn á borð mitt koma“ segir hann og bætir svo við „framan af fannst mér reikningshaldið vera skemmtilegast“ segir hann og lifnar allur við enda að tala um sitt áhugasvið. „Núna er stór hlutur af öllu umhverfi endurskoðandans að fletta upp í stöðlum sem er að mörgu leyti skemmtilegt. Að vísu felur þetta ekki í sér mikið rúm fyrir frumkvæði því eins og staðlar bera með sér eru frávik sjaldan í boði. Svo hefur mér fundist gaman að takast á við skattamál líka“ segir hann. „Starf endurskoðandans býður reyndar upp á mikla fjölbreytni, líka ráðgjöf og samskipti við kunnann. Sérhæfing er samt orðin meiri og enginn getur orðið sérfræðingur í öllu svo maður verður að velja eitthvað sem maður hefur mestan áhuga á“ segir hann að lokum.

Þörf fyrir stéttina

Þegar ég spyr hann út í formannshlutverkið hjá FLE þá segist hann hafa fengið áhuga á að vinna fyrir félagið þegar hann kom til liðs við Menntunarnefnd félagsins. „Ég hef sérstakan áhuga á því að kynna störf endurskoðenda út á við og legg mikið upp úr því. Almenningsur veit ekki mikið um starfið og allar þær breytingar sem orðið hafa á undangengnum árum með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskila- og endurskoðunarstaðla. Með innleiðingu siðareglna endurskoðenda er svo búið að ramma inn starfsemina. Ég lít svo á að meginhlutverk mitt sé að kynna fyrir almenningi og viðskiptalífinu hvernig

endurskoðendur sjá sig sem fagstétt, hlutverk þeirra og þróun til framtíðar“ segir hann og bætir svo við með áhersluþunga: „Það er alveg klárt að það er þörf fyrir stéttina – því meiri þekking og eining um hlutverk hennar – því meira gagn getum við gert“.

Brugðust endurskoðendur?

Við erum komin á alvarlegu nóturnar og ræðum hrúnið. „Það er fjöldinn allur af fólki sem hefur misst eigur sínar, aleiguna og jafnvel meira til“ segir hann. „Það hefur falið ákveðnum aðilum á markaðnum þessar eignir sínar og talið að endurskoðendur hefðu eftirlit með þeim. Það er nú svo að þegar maður er reiður þá þarf maður útrás og í þessu tilviki þá liggjum við endurskoðendur vel við höggi. Umræðan snýst mikið um að eftirlitsaðilar hafi brugðist og því ekki hægt að útiloka endurskoðendur sem eftirlitsstétt frá því. Ef stéttin hefur átt að bera ábyrgð, þá þarf hún að sjálfsögðu að sæta henni líka eins og allir sem taka á sig ábyrgð. „Þó er erfitt að finna sökudólg eða alhæfa um að eitthvað sé einhverjum að kenna nema hægt sé að benda á samhengi milli orsaka og afleiðingar“ segir hann hugsi.

Lærdómsferill

„Ég velti líka vöngum yfir því hvort almenningur og endurskoðendur séu að skilja hlutverk endurskoðenda á sama hátt – eða telur almenningur að þeir gegni mun víðtækara hlutverki en þeir telja sig í raun gera? En það er ekki hægt að breyta leikreglum eftir á – þess vegna þurfa allir, almenningur, viðskiptalífið og endurskoðendur að sammælast um hlutverk

endurskoðenda. Hvað áttu menn að gera, gerðu þeir það, hefðu þeir átt að gera eitthvað annað? Þetta eru spurningar sem þarf að svara og skerpa með því hlutverk endurskoðenda – þetta er lærdómsferill sem leggja þarfa í að greina“ segir hann alvarlegur í bragði.

Dráttarvélar og hestamennska

Nýjasta áhugamál Þóris er að kaupa gamlar dráttarvélar og gera þær upp. „Það byrjaði þannig að ég og sonurinn áttum að slá í kringum sumarbústaðinn með lítilli sláttuvél“ segir hann og hlær. „Nú eigum við þrjá traktora, frá tímabilinu 65-70, sem við erum að dunda við að koma í gott lag. Annars eru það hestarnir sem frítíminn hefur farið í svona gegnum sneitt en Margrét er mikil hestakona og áhuginn hefur komið með henni. Við eigum hesthús í Mosfellsbæ og nokkra hesta“ segir hann, en vill ekki fara nánar út í þá sálma. „Skemmtilegustu ferðir sem ég hef farið eru langferðir um landið – en við höfum farið vestur á Strandir ríðandi og haldið okkur sem mest í óbyggðunum“ segir hann ákafur og hallar sér fram. „Það er alltaf verið að tala um að halda eigi landinu í byggð en mér finnst eiginlega að ég hafi fengið staðfestingu á því, í þessum ferðum, hve óbyggðirnar eru dýrmætar. Það er nefnilega ákveðinn sjarmi í því að það séu til óbyggð svæði, eða eyðisvæði sem eiga samt merkilega sögu að baki.“ Svo man hann eftir því að hann á að vera mættur einhvers staðar, sprettur á fætur og kveður snaggalega eins og hans er háttur.



Áhrif endurskipulagningar fjárskulda á reikningsskil

Jóhann Ioan Constantin Solomon er löggiltur endurskoðandi og starfar hjá KPMG hf.

Mörg fyrirtæki hafa séð sig knúin á undanförunum mánuðum til að setjast að samningaborði með kröfuhöfum til að finna lausnir á skuldavanda sínum. Kröfuhafar vilja gjarnan forða lífvænlegum fyrirtækjum frá gjaldþroti og í þessu sambandi er horft til ýmissa lausna sem miða meðal annars að því að koma eiginfjárlutfalli fyrirtækjanna í viðunandi horf og renna frekari stöðum undir grundvöll fyrir áframhaldandi starfsemi fyrirtækjanna. Meðal lausna má nefna eftirgjöf krafna, að hluta eða öllu leyti, breytingar á skilmálum lánasamninga, útgáfa nýrra skuldaviðurkenninga í staðinn fyrir þær eldri og breyting fjárskulda í hlutfé. Yfirleitt er þessum aðgerðum, ásamt öðrum, blandað saman í heildarlausn á skuldavanda fyrirtækjanna.

Þannig getur ein lausn falið í sér að hluti af fjárskuldum sé felldur niður og skuldarinn gefi út nýjar skuldaviðurkenningar og forgangshlutabréf fyrir restina af fjárskuldunum.

Endurskipulagning fjárskulda felur yfirleitt í sér verulegar breytingar á fjármagnsskipan fyrirtækja sem gera þarf grein fyrir í reikningsskilum. Vegna þessa vakna óhjákvæmilega mörg og flókin reikningshaldsleg álitamál sem ber að meðhöndla í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um gerð og framsetningu reikningsskila. Því þurfa bæði stjórnendur fyrirtækja og kröfuhafar að hafa þessi lög og reglur til hliðsjónar og gera sér grein fyrir áhrifum af beitingu þeirra á rekstrar- og efnahagsreikning í tengslum við mismunandi útfærslur



endurskipulagningar. Endurskoðendur þurfa einnig að vera á varðbergi og, eftir því sem við á, afla viðeigandi og fullnægjandi endurskoðunargagna til staðfestingar á því að ákvæðum laga og reglna hafi verið fylgt við færslu og framsetningu þessara breytinga í reikningsskilum.

Hér á eftir ætla ég að fjalla í stuttu máli um nokkrar reglur alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) sem kann að reyna á vegna endurskipulagningar fjárskulda við gerð og framsetningu reikningsskila skuldara. Þess ber að geta að jafnvel þó að skuldari beitir ekki IFRS við gerð reikningsskila sinna gæti hann verið hluti af samstæðu sem gerir það og því kann að reyna á þessar reglur við gerð samstæðureikningsskila. En jafnvel þó að IFRS sé almennt ekki beitt við gerð reikningsskila tel ég engu að síður fulla ástæðu til að veita þessum reglum athygli. Þá getur endurskipulagning fjárskulda farið fram milli félaga sem eru innan sömu samstæðu og getur endurskipulagningin þá haft áhrif að minnsta kosti á eigin reikningsskil viðkomandi félaga.

Eftirgjöf kröfu

Alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn IAS 39 inniheldur þær reglur sem gilda um mat og færslu flestra fjárskulda. Í staðlinum kemur meðal annars fram að fyrirtæki skal færa fjárskuld (eða hluta fjárskuldar, eftir því sem við á) úr efnahagsreikningi þegar og því aðeins að hún hafi verið ógilt, þ.e. þegar skuldbindingin, sem tilgreind er í samningnum, er gerð upp, er numin úr gildi eða rennur út.

Eftirgjöf kröfu (sem frá sjónarhóli skuldara er gjarnan kallað „eftirgjöf skuldar“) felur í sér að kröfuhafi afsalar sér þeim rétti sem krafan veitir honum og er skuldarinn þar með löglega leystur undan aðalábyrgð á fjárskuldinni. Í þessu sambandi skiptir máli að fjárskuldin sé gefin eftir fyrir fullt og allt en ekki þannig búið um hnútana að hún geti vaknað aftur til lífsins í framtíðinni við tiltekna kringumstæður.

Eftirgjöf kröfu telst til ógildingar fjárskulda samkvæmt IAS 39 og hefur hún í för með sér að skuldara ber að færa bókfært verð fjárskuldar sem gefin er eftir út úr efnahagsreikningi (í heild eða að hluta, eftir því sem við á). Mótfærslan ræðst hins vegar af því hvort kröfuhafi sé jafnframt hluthafi í skuldara eða ekki. Ef kröfuhafi er hluthafi ræðst mótfærslan af því hvort meðhöndla beri eftirgjöfina sem framlag frá eigenda eða ekki. Ef kröfuhafi er ekki hluthafi í skuldara ber skuldarinum að færa bókfært verð fjárskuldar sem gefin er eftir til tekna í rekstrarreikningi. Sama á við ef kröfuhafi er jafnframt hluthafi í skuldara en ekki er um að ræða framlag frá eiganda í formi eftirgjafar á kröfu. Sé niðurstaðan hins vegar sú að eftirgjöfin feli í sér framlag frá eiganda ber skuldara að færa bókfært verð fjárskuldar sem gefin er eftir beint á eigið fé því óheimilt er að færa í rekstrarreikning áhrif af viðskiptum við eigendur þegar þeir koma fram í viðskiptum í hlutverki eigenda (e. transactions with owners in their capacity as owners). Ákvörðunin um það hvenær hluthafi kemur fram í viðskiptum í hlutverki eigenda og hvenær ekki er háð mati sem ræðst af staðreyndum og kringumstæðum einstakra viðskipta.

Breytingar á skilmálum lánasamnings

Breytingar á skilmálum lánasamnings geta verið fólgnar í breytingum á lánstímanum, fjárhæð höfuðstóls, vaxtakjörum, gjaldmiðlum sem fjárskuldin er tilgreind í, tryggingum, forgangs röðun krafna við félagsslit eða viðbótarákvæðum um breytirétt fjárskuldar í hlutafé, svo eitthvað sé nefnt. Markmið þeirra er fyrst og fremst að aðlaga greiðslubyrði fjárskulda að breyttu greiðsluþoli skuldara. Þess ber þó að geta að breytingar á tímasetningu eða fjárhæð greiðslna sem gerðar eru á grundvelli gildandi samningsákvæða, svo sem hækkun vaxta vegna lækkunar á lánshæfismati skuldara, teljast ekki til breytinga á skilmálum lánasamnings.

Reikningshaldslegu álitafnin sem vakna þegar skilmálum lánasamninga er breytt eru fjölmörg. Eitt þeirra sem getur haft töluverð áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning skuldara er hvort breytingarnar teljast verulegar í skilningi IAS 39 eða ekki. Engu máli skiptir í þessu sambandi hvort breytingarnar stafa af fjárhagserfiðleikum skuldara eða ekki.

Sé niðurstaðan sú að breytingar teljast verulegar ber skuldara samkvæmt IAS 39 meðal annars að færa upphaflegu fjárskuldina út úr efnahagsreikningi og færa nýja fjárskuld í staðinn og meta hana í upphafi á gangvirði. Mismun milli gangvirðis nýrrar fjárskuldar og bókfærðs verðs upphaflegrar fjárskuldar ber skuldara að færa sem hagnað eða tap í rekstrarreikningi (þ.e.a.s. að því gefnu að ekki sé um að ræða viðskipti við eigendur þar sem þeir koma fram í hlutverk eigenda, sbr. umfjöllun hér að framan).

Gangvirði nýrrar fjárskuldar kann að vera töluvert lægra en bókfært verð upphaflegrar fjárskuldar t.d. vegna þess að staða skuldara hefur versnað töluvert frá þeim tíma þegar hann stofnaði til upphaflegrar fjárskuldar. Því getur hagnaður sem skuldara ber að færa til tekna í rekstrarreikningi vegna skilmálabreytinga verið umtalsverður. Þessi niðurstaða virðist óskynsamleg við fyrstu sýn því hún felur í sér að fyrirtæki sem er í skuldavanda getur lagað eiginfjárstöðu sína með því einu að breyta skilmálum lánasamninga. En það sem er líklegast að gerist í raun er að skuldari fái nýtt lán á kjörum sem eru undir markaðskjörum hans (með hliðsjón af slæmri stöðu hans) og að það feli í sér ávinning sem skuldara ber að færa til bókar samkvæmt reglum alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Skilmálabreytingar gætu þess vegna verið framkvæmdar með þeim hætti að skuldari afhendir kröfuhafa nýja skuldarviðurkenningu í skiptum fyrir reiðufé frá kröfuhafanum (sem samsvarar gangvirði nýju skuldarviðurkenningar) og síðan endurgreiðir skuldarinn reiðuféð til baka til kröfuhafans í formi endanlegs uppgjors á upphaflegri fjárskuld. Í slíkum viðskiptum þyrfti skuldari að færa nýja fjárskuld á gangvirði, færa upphaflega fjárskuld út úr efnahagsreikningi og færa mismuninn á fjárhæð reiðufjár og bókfærðs verðs upphaflegrar fjárskuldar til tekna í rekstrarreikningi. Í raun gerir IAS 39 engan greinarmun á því hvort um sé að ræða verulegar breytingar á skilmálum gildandi lánasamnings eða skipti skuldara og kröfuhafa á skuldaviðurkenningu með verulega ólíkum skilmálum. Sömu reglur gilda um báðar þessar leiðir.

Þess skal getið að skuldara ber að ákvarða gangvirði nýrrar

fjárskuldar í samræmi við reglur þar að lútandi í IAS 39 sem kveða meðal annars á um að tekið skuli tillit til markaðsaðstæðna og útlánaáættu skuldara á matsdegi. Ákvörðun gangvirðis getur verið vandasöm einkum þegar lánsfjármarkaður er óvirkur og skuldari í vanda staddur þannig að ólíklegt þykir að ótengdur aðili myndi vilja veita honum lán. Við slíkar aðstæður ber skuldara engu að síður að nota viðurkennda verðmatsaðferð til að komast að rökstuddri niðurstöðu um gangvirði nýrrar fjárskuldar við upphaflega færslu hennar í efnahagsreikning. Skuldara ber að styðjast við fyrirliggjandi markaðsupplýsingar eins mikið og hægt er og við eigin forsendur eins lítið og hægt er. Til dæmis getur grunnávöxtunarkrafa legið fyrir vegna viðskipta á virkum markaði með ríkisskuldabréf en skuldari gæti þurft að styðjast við eigin forsendur við mat á eigin áhættuálagi (t.d. með samanburðargreiningu við önnur skráð félög með lánshæfismat að teknu tilliti til gæða trygginga og séreinkenna nýju fjárskuldarinnar).

Gangvirði nýrrar fjárskuldar kann einnig að vera töluvert lægra en samningsbundinn höfuðstóll hennar og þess vegna geta myndast umtalsverð afföll við upphaflega færslu hennar. Sé nýja fjárskuldin metin á afskrifuðu kostnaðarverði eftir upphaflega færslu, ber skuldara að gjaldfæra afföllin í rekstrarreikningi á væntum líftíma nýrrar fjárskuldar með því að nota aðferð virkra vaxta.

Sé niðurstaðan hins vegar sú að skilmálabreytingar teljist ekki verulegar, ber skuldara meðal annars að halda áfram að færa upphaflegu fjárskuldina í efnahagsreikningi en ekki færa nýja fjárskuld á gangvirði. Það er skoðun margra að í slíkum tilvikum skuli ekki færa neinn hagnað eða tap í rekstrarreikning, jafnvel þó að skilmálabreytingarnar leiði til breytinga á áætluðu framtíðarsjóðstreymi fjárskuldarinnar. Sé fjárskuldin metin á afskrifuðu kostnaðarverði ætti skuldari að meðhöndla breytingarnar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frekar sem leiðréttingu á virkum vöxtum fjárskuldar (og afskrifa þær á væntum líftíma hennar) í stað þess að færa þær strax sem tekjur eða gjöld í rekstrarreikningi.

Til að komast að niðurstöðu um hvort skilmálabreytingar teljist verulegar eða ekki þarf skuldari að framkvæma tölulegt próf eins og nánar er kveðið á um í IAS 39. Prófið felur í sér samanburð á núvirði sjóðstreymis samkvæmt breyttum skilmálum og núvirði sjóðstreymis samkvæmt upphaflegum skilmálum. Skilmálabreytingar teljast verulegar ef mismunur á þessum tveimur stærðum er a.m.k. 10% (og af þeim sökum er tölulega prófið oft nefnt „10% próf“). Mörg álitamál vakna við framkvæmd þessa prófs, sem taka verður afstöðu til, aðallega í tengslum við ákvörðun sjóðstreymis sem á að núvirða og vaxta sem á að núvirða sjóðstreymið með. Sú staða getur komið upp að setja þurfi upp mismunandi sviðsmyndir af 10% prófinu út frá mismunandi forsendum og styðjast við þá sviðsmynd sem talin er raunhæfust í stöðunni.

Sé mismunurinn 10% eða meira leiðir það sjálfkrafa til þess að skuldara ber að færa upphaflegu fjárskuldina út úr efnahagsreikningi og færa nýja fjárskuld í staðinn á gangvirði. Sé mismunurinn hins vegar minni en 10% þýðir það ekki endilega að skuldara beri að halda áfram að færa upphaflegu fjárskuldina

í efnahagsreikningi. Það er skoðun margra að í slíku tilviki þurfi skuldari að framkvæma svokallað eiginleikamat (e. qualitative assessment) til að komast að því hvort skilmálabreytingarnar teljist engu að síður verulegar. Markmiðið með eiginleikamatinu er að greina þær skilmálabreytingar sem 10% prófið nær ekki til vegna eðlis þeirra. Dæmi um slíkar skilmálabreytingar eru breytingar á gjaldmiðlum sem fjárskuldin er tilgreind í og viðbótarákvæði um breytirétt fjárskuldar í hlutafé.

Breyting fjárskuldar í hlutafé

Breyting fjárskuldar í hlutafé er ein þeirra lausna sem kröfuhafar geta gripið til ef þeir telja að aðlögun greiðslubyrðar að breyttu greiðsluþoli skuldara ein og sér dugi ekki til og að eignarhald á hlutabréfum í skuldara sé fýsilegur kostur. Hvað reikningsskil skuldara varðar getur skipt máli hvort kröfuhafi verður eigandi í skuldara í kjölfar endurskipulagningar eða hvort endurskipulagning fjárskulda fer fram á meðan kröfuhafi er jafnframt hluthafi í skuldara.

Síðastliðinn nóvembermánuð gaf alþjóðlega túlkunarnefndin (IFRIC) út nýja túlkun, IFRIC 19, sem fjallar um ógildingu fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga (e. extinguishing financial liabilities with equity instruments). Í túlkuninni kemur meðal annars fram að í slíkum tilvikum ber skuldara að færa bókfært verð fjárskulda (eða hluta þeirra, eftir því sem við á) úr efnahagsreikningi og færa eiginfjárgerningana í staðinn. Skuldara ber að færa eiginfjárgerningana upphaflega miðað við gangvirði þeirra nema ekki sé hægt að meta það með áreiðanlegum hætti (en þá ber skuldara að miða við gangvirði fjárskulda sem verið er að ógilda). Mismun milli gangvirðis eiginfjárgerninga og bókfærðs verðs fjárskulda ber skuldara að færa sem hagnað eða tap í rekstrarreikning (þ.e.a.s. að því gefnu að ekki sé um að ræða viðskipti við eigendur þar sem þeir koma fram í hlutverk eigenda, sbr. umfjöllun hér að framan).

Túlkunin IFRIC 19 gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar en heimilt er að innleiða hana fyrr (hún á þó eftir að hljóta samþykki Evrópusambandsins). Þrátt fyrir þetta hefur það verið skoðun margra að sú meðhöndlun sem kveðið er á um í IFRIC 19 á ógildingu fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga sé einmitt niðurstaðan sem ætti að komast að með beitingu núgildandi reglna IFRS. Hins vegar halda sumir því fram að núgildandi reglur IFRS heimili einnig færslu bókfærðs verðs fjárskulda beint á eigið fé án þess að skuldari meti gangvirði eiginfjárgerninga né gangvirði fjárskulda og þar af leiðandi án þess að hann færi hagnað eða tap í rekstrarreikning vegna þessara viðskipta.

Það skal tekið fram að umfjöllun mín hér að framan á ekki við þegar fjárskuld er breytt í hlutafé á grundvelli gildandi samningsákvæða (t.d. þegar ákvæði um breytirétt fjárskuldar í hlutafé eru hluti af upphaflegum samningsskilmálum) því sérstakar reglur gilda um slík viðskipti samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 32. Samkvæmt þeim reglum er almennt óheimilt að færa hagnað eða tap í rekstrarreikningi af umbreytingunni.



Flokkun fjármálagæðingarnas sem eigið fé, er háð ströngum skilyrðum

Við upphaflega færslu fjármálagæðingarnas í efnahagsreikning ber útgefanda hans að flokka gæninginn (eða einstaka hluta hans, eftir því sem við á) sem fjárskuld, fjáreign eða eiginfjárgæning í samræmi við reglur IAS 32. Flokkunin er mjög mikilvæg því hún segir meðal annars til um það hvort útgefanda gæningins beri að færa vexti, arð, hagnað eða tap af gæningnum sem tekjur eða gjöld (ef gæningurinn flokkast sem fjáreign eða fjárskuld) eða að færa alls ekki tekjur eða gjöld af honum (ef gæningurinn flokkast sem eigið fé).

Þegar úrlausn á skuldavanda fyrirtækis er fólgin í útgáfu fjármálagæðinga sem ætlunin er að flokka sem eigið fé í reikningsskilum skuldara reynir oft á tíðum á reglur IAS 32 sem gilda um flokkun fjármálagæðinga. Það er meðal annars vegna þess að kröfuhafar eru ekki tilbúnir til að fyrirgera núverandi kröfurétti sínum í skiptum fyrir eiginfjárgæninga skuldara án þess að tryggja með einhverjum hætti að þeir fái kröfur sínar endurgreiddar, áður en núverandi hluthafar fái nokkuð greitt frá skuldara. Því skoða þeir mismunandi útfærslur á breytingum á kröfum ýmist í víkjandi lán, forgangshlutabréf eða skuldbréf með breytirétti í almenna hluti í skuldara. Hvað sem nýju samningarnir kunna að heita skiptir engu máli við flokkun þeirra í reikningsskilum skuldara, því flokkunin þar ræðst ekki af heiti samninganna heldur af innihaldi þeirra, nánar tiltekið af þeim réttindum og skuldbindingum sem ákvæði samninganna kveða á um. Samkvæmt IAS 32 ber útgefanda fjármálagæðingarnas að flokka samninga í reikningsskilum sínum í samræmi við efni þeirra og skilgreiningarnar á fjárskuld, fjáreign og eiginfjárgæningi sem fram koma í staðlinum.

Óhætt er að fullyrða að skilyrðin sem þarf að uppfylla vegna flokkunar fjármálagæðingarnas sem eigið fé eru ströng. Þetta þurfa kröfuhafar og skuldarar að hafa í huga og taka tillit til við gerð samninga ef þeir vilja á annað borð að samningar verði flokkaðir sem eigið fé í reikningsskilum skuldara. Í þessu sambandi skiptir fyrst og fremst máli hvort samningur feli í sér samningsbundna skyldu útgefanda um að láta reiðufé eða aðra fjáreign af hendi til annarrar einingar. Einnig skiptir máli hvort samningur verði gerður upp eða hægt sé að gera hann upp með eiginfjárgæningum útgefanda (t.d. með eigin hlutabréfum skuldara).

Óskilyrtur réttur útgefanda til að komast hjá því að láta af hendi reiðufé eða aðra fjáreign leiðir almennt til flokkunar samnings sem eigið fé. Á hinn bóginn leiðir slík greiðsluskylda útgefanda til flokkunar samnings sem fjárskuld, hvort sem hún kemur fram í samningi með afdráttarlausum, eða óbeinum hætti. Þess ber að geta að greiðsluskylda leiðir til flokkunar sem fjárskuld óháð fjárhagslegri getu útgefanda til að standa við skuldbindinguna eða líkum á því að til greiðslu komi. Þá getur greiðsluskylda verið skilyrðislaus eða skilyrt, þ.e. hún getur verið háð því að tiltekinn atburður eigi sér stað eða ekki í framtíðinni (t.d. við endurfjármögnun fyrirtækis, við sölu á meginþorra eigna fyrirtækis, ef breyting verður á eignarhaldi eða við skráningu hlutabréfa fyrirtækis á markað, svo eitthvað sé nefnt). Greiðsluskylda sem er eingöngu skilyrt

framtíðaratburðum sem eru á valdi útgefanda (t.d. samþykki arðgreiðslna) leiðir þó ekki til flokkunar samnings sem fjárskuld.

Nokkrar undantekningar eru frá flokkun samnings (eða hluta hans) sem fjárskuld þegar greiðsluskylda er til staðar. Hér ber helst að nefna samning þar sem greiðsluskylda verður virk eingöngu við slit útgefanda (e. only in the event of liquidation) og samning sem veitir handhafa rétt til að skila honum til útgefanda í skiptum fyrir reiðufé eða aðra fjáreign (innleysanlegur fjármálagæningur) sem uppfyllir tiltekin ströng skilyrði sem fram koma í IAS 32.

Þá þarf að hafa í huga að samningsbundinn réttur og samningsbundin skylda til að láta af hendi eða taka við eigin hlutabréfum í framtíðinni kunna að vera skilgreind sem afleiður í skilningi IFRS. Ef svo er ber útgefanda hlutabréfanna að flokka og færa slíkar afleiður sem eigið fé í reikningsskilum sínum ef þar að lútandi skilyrði IAS 32 eru uppfyllt. Séu skilyrðin hins vegar ekki uppfyllt ber útgefanda að flokka og færa slíkar afleiður í reikningsskilum sínum sem fjáreignir eða fjárskuldir, eftir því sem við á. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvort réttur eða skylda útgefanda komi fram í formi sérstaks samnings (t.d. samnings sem kveður á um skyldu útgefanda til að láta fastan fjölda eigin hlutabréfa af hendi í framtíðinni í skiptum fyrir fasta fjárhæð reiðufjár) eða í formi ákvæða í öðrum samningi (t.d. ákvæði í lánasamningi sem kveða á um rétt kröfuhafa til að breyta í framtíðinni föstum höfuðstól lánsins yfir í fastan fjölda hlutabréfa í skuldara). Ekki er ólíklegt að afhending á eigin hlutabréfum skuldara í framtíðinni komi við sögu með einum eða öðrum hætti sem hluti af heildarlausn á skuldavanda fyrirtækja. Þegar slíkt á við þarf að ganga úr skugga um að reglunum sem gilda um flokkun og færslu viðkomandi samninga (eða hluta þeirra) sé fylgt og þá sérstaklega meginreglunni sem segir að afleiður skulu færðar í bókhaldi miðað við þann dag þegar samningar eru gerðir en ekki miðað við daginn þegar samningar eru gerðir upp.

Lokaorð

Mörg önnur reikningshaldsleg álitamál koma upp við gerð reikningsskila skuldara vegna endurskipulagningar fjárskulda. Meðal annars má nefna álitamál sem tengjast beitingu reglna í staðlinum IFRS 5 *Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi* og í túlkun IFRIC 17 *Úthlutanir eigna til eigenda í öðru en reiðufé*. Það kann að reyna á beitingu þessara reglna ef hluti af heildarlausn á skuldavanda fyrirtækja er fólgin í því að þau selji eignir (þ.m.t. hluti í dótturfélögum) eða úthluti eignum til hluthafa (sem áður voru kröfuhafar). Þá er færsla í reikningsskilum á skattalegum afleiðingum hina ýmissa aðgerða við endurskipulagningu, sérstakt viðfangsefni þar sem flækjustigið eykst til muna. Þar verður fyrst að komast að niðurstöðu um hvernig beri að meðhöndla breytingarnar í skattalegu tilliti og síðan að ákvarða hvernig beri að færa skattalegu áhrifin, ef einhver, í reikningsskilum.

Semjendur reikningsskila sem standa frammi fyrir færslu endurskipulagningar fjárskulda í bókhaldi þurfa sjálfir að taka ákvarðarnir á grundvelli túlkana sinna á gildandi lögum og

reglum. Beiting reikningsskilareglna er háð mati sem ræðst af staðreyndum og kringumstæðum einstakra viðskipta og það er varasamt að alhæfa í þessum efnum. Endurskipulagning fjárskulda er yfirleitt flókið ferli þar sem margir aðilar koma að og mismunandi samningar eru gerðir. Því hvet ég semjendur reikningsskila til að gefa sér allan þann tíma sem til þarf til að

komast að niðurstöðum sem samræmast lögum og reglum, og leita eftir ráðgjöf sérfræðinga, þar sem við á, helst áður en ákvarðanir eru teknar í einstökum málum.

Jóhann Ioan Constantin Solomon



Ísland og IFRS

Erling Tómasson er löggiltur endurskoðandi og starfar hjá Deloitte hf.

Inngangur

Nú í kjölfar efnahagshrunsins hafa vaknað upp vangaveltur um hvað hafi brugðist og hverjum sé um að kenna. Ég hef velt því fyrir mér hvort hluti vandans felist í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja og þ.a.l. þeim fjárhagsupplýsingum sem eiga að leggja grunn að skynsamlegri ákvarðanatöku hins upplýsta lesanda.

Ef horft er aftur til uppgjöra íslenskra félaga í Kauphöll sumarið 2008 þá var þar hvert félagið á fætur öðru með gríðarlega sterka eiginfjárstöðu og ekki annað að sjá en þau væru vel í stakk búin að taka á komandi tímum. Fremst í flokki voru árshlutauppgjör stóru bankanna þriggja, sem samanlagt sýndu hundruð milljarða af eigin fé. Hvað gerðist haustið 2008 þekkjum við öll, en sú þróun fær mann til að velta því fyrir sér hvort fjárhagsupplýsingar íslenskra fyrirtækja hafi verið nægilega upplýsandi og áreiðanlegar og ef svo var ekki, hvað hafi þá brugðist og hver sé lærdómurinn.

Stærstu fyrirtækin á Íslandi og öll þau félög sem eru skráð í Kauphöll Íslands gera upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Getur verið að IFRS henti hreinlega ekki á litla Íslandi, eða brást okkur Íslendingum bogalitin við beitingu staðlanna?

Niðurstaða

Það eru kostir og gallar við IFRS líkt og öll önnur reikningsskilaregluverk. Það markmið sem varð ofan á í setningu alþjóðlegu staðlanna var að reikningsskilin skyldu draga fram eins góða mynd af raunstöðu félags á hverjum reikningsskiladegi. Til að ná fram sem bestri mynd af raunstöðu þá þarf að færa reikningsskilin frá sögulegum kostnaðartölum til matsvirðis og væntingavirðis og hugtakið gangvirði (e. Fair value) verður mjög fyrirferðarmikið. Undir þeim kringumstæðum vex mikið áhersla á reikningshaldslegt mat stjórnenda og slíkt getur reynst tvíbent sverð. Til þess að veita

lesanda reikningsskilanna sem gleggsta mynd af raunstöðu félags þá þarf að fara út fyrir ramma kostnaðarverðsins og sögulegra staðreynda.

Brotthvarf til kostnaðarverðs er í mínum huga uppgjöf og ekki til þess fallin að veita notendum reikningsskila gleggri upplýsingar. Mikilvægast er að draga lærdóm af því sem miður hefur farið og bæta úr. IFRS regluverkið er að mínu viti betur til þess fallið að draga fram upplýsandi mynd af afkomu og efnahag fyrirtækja heldur en gömlu kostnaðarverðsreikningsskilin. Því verður ekki neitað að ýmis vandamál eru til staðar við beitingu IFRS. Ég velti því þó fyrir mér hvort vandinn felist ekki í ákveðinni vanþekkingu á regluverkinu og því að grundvallarmarkmið reikningsskila um glögga mynd sé ekki virt, frekar en að vandinn felist í gölluðu regluverki.

Gerð fjárhagsupplýsinga íslenskra félaga

Notendur árs- og árshlutareikninga eru þeir sem hafa hagsmuna að gæta gagnvart viðkomandi félagi, t.d. fjárfestar, hluthafar, lánveitendur og eftirlitsaðilar. Þessar fjárhagsupplýsingar eru mjög mikilvægur liður í því að gera notendum kleift að taka skynsamlegar ákvarðanir. Mikilvægasta reglan við gerð þessara fjárhagsupplýsinga er sú að þær eiga að gefa glögga mynd (e. True and fair view) af rekstri og efnahag. Til þess að auka áreiðanleika þeirra eru þær jafnan endurskoðaðar og bera með sér áritun endurskoðanda þar sem hann setur fram sitt álit á því hvort þetta grundvallaratriði sé til staðar.

Á síðustu árum hefur vægi alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) aukist mjög mikið í reikningsskilum íslenskra félaga. Skráðum félögum er skylt að beita IFRS við bókhald og ársreikningsgerð, ýmis félög hafa nýtt sér heimild til þess. Í ársreikningalögum er búið að innleiða og opna á ýmsar matsreglur alþjóðlegu staðlanna.

Heyrst hafa þær raddir að þessir alþjóðlegu staðlar séu



arfavitlausir og hafi leitt til geigvænlegrar loftbólumyndunar í reikningsskilum íslenskra félaga. Það er ekki hægt að horfa framhjá því að gríðarlegt umfang er í kringum setningu alþjóðlegu staðlanna og fræðimenn útum víða veröld leggja þar hönd á plóg við að hanna það regluverk sem á að vera best til þess fallið að draga fram alþjóðlega samræmdar reglur og lýsingar á gerð reikningsskila á sem bestan hátt. Ekki er þó þar með rétt að skella skollaeyrum við gagnrýni á staðlana, heldur er mjög mikilvægt að rýna í hvað geti valdið þessari skoðun manna og að hvaða leyti þeir kunni að hafa rétt fyrir sér. Er um að ræða of flókið regluverk, of marga valmöguleika, of auðvelt að stýra niðurstöðum, rangar grundvallaráherslur, vanþekkingu stjórnenda, léleg vinnubrögð endurskoðenda, dapurt eftirlit hins opinbera, allt þetta, hluta þess eða sitt lítið af hverju?

Er IFRS arfavitlaust regluverk?

Ef við veltum upp grunnmismun á stöðlunum og hinum hefðbundnu kostnaðarverðsreikningsskilum þá kemur strax í ljós að það er gríðarlegur munur á áherslum. Annars vegar er um að ræða regluverk sem leggur mikið upp úr sögulegum kostnaðarverðsupplýsingum, á hinn veginn er komið regluverk sem leitast við að draga fram í fjárhagsupplýsingum eins góða mynd af raunstöðu félags á reikningsskiladegi og mögulegt er.

Hér áður fyrr var afkoma í rekstrarreikningi að uppistöðu til innleyst afkoma, en í dag sjást mörg dæmi um að stærstu hlutar afkomu eru byggðir upp á reiknuðum liðum. Tölur í efnahagsreikningi endurspegluðu kostnaðarverð liða en í dag eiga flestir liðir að endurspegla þekkt eða vænt markaðsverð á reikningsskiladegi.

Í þeim ófullkomna heimi sem við lifum í þá er hvergi hægt að fletta því upp hvert sé óumdeilt markaðsverð á reikningsskiladegi. Í sumum tilvikum eru til upplýsingar af markaði til að styðjast við, en það eitt og sér er ekki nóg því hann þarf líka að vera virkur og hvenær er markaður virkur? Í mörgum tilvikum þá þarf að reikna markaðsverð útfrá verðmatsfræðum, þær aðferðir eiga eitt sameiginlegt, þær eru matsaðferðir og krefjast þess að stjórnendur beiti sínu reikningshaldslega mati. Það er einmitt þessi áhersla á reikningshaldslega matið sem er gegnumgangandi í stöðlunum. Áður var matinu helst beitt vegna varfærni þ.e. þegar kom að niðurfærslu birgða og krafna eða útreikningi á afskriftum. Breytingin sem orðið hefur er sú að notkun á reikningshaldslegu mati í dag er oftar en ekki til þess að færa efnahagsstærðir upp og niður í virði og reikna út afkomustærðir í rekstrarreikningi. Til viðbótar má nefna að oftast eru reiknuðu stærðirnar þær sem hafa mestu áhrifin á niðurstöðu rekstrar og efnahags. Þekkt dæmi um þessa liði er virðisrýrnunarpróf viðskiptavildar, en eins og flestir vita er óheimilt að afskrifa viðskiptavild og skal hún færð niður m.v. virðisrýrnunarpróf. Önnur dæmi eru færsla fasteigna í fasteignafélögum til gangvirðis, svonefndra fjárfestingaeigna (e. Investment property), mat á hlutfjáreign í óskráðum félögum til gangvirðis, mat á virði afleiðusamninga o.s.frv.

Einu sinni átti ég spjall við fjármálastjóra hjá íslensku félagi. Talið barst að IFRS og mér er enn í fersku minni þegar hann dásamaði IFRS og sagði þetta æðislegar reglur, maður gæti

bara gert það sem maður vildi. Að sjálfsögðu var ég ekki sammála þessum orðum, en ég get ekki annað en velt fyrir mér hvort þessi skoðun hans eigi sér hlómgrunn hjá hinum almenna stjórnanda. Það segir sig sjálft að þeir hagsmunir sem ráða för við gerð reikningsskila hafa óhjákvæmilega áhrif við gerðina og því matsháðari sem reikningsskilin eru þeim mun meiri áhrif hafa undirliggjandi hagsmunir. Í praktík er ekki hægt að horfa framhjá því að semjendur reikningsskila eru undir áhrifum og þrýstingi um "réttar" afkomutölur. Hluthafar vilja oft hámarka reiknaða arðsemi og arðgreiðslumöguleika, lánaskilmálar geta brostið ef tiltekin hlutföll ná ekki tilsettu lágmarki og oft eru starfskjör stjórnenda tengd við afkomutölur. Þessi áhrif og þessi þrýstingur flyst áfram til endurskoðandans og í því kristallast umboðsvandi endurskoðandans. Endurskoðandinn er alla jafna ráðinn til starfa fyrir atbeina stjórnar og stjórnenda og vinnur náð með þeim aðilum. Á sama tíma er það yfirlýst hlutverk hans að gæta hagsmuna allra hagsmunaaðila og ber honum samkvæmt löggildingarskrírteini að rækja starf sitt af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem um starfið gilda.

IFRS regluverkið er flókið, ítarlegt og oft á tíðum torskilið. Það er að mínu viti mikið lán að margir af þeim aðilum sem semja reikningsskil íslenskra félaga eru vel menntaðir í reikningsskilafræðum og oft á tíðum löggiltir endurskoðendur. En hvernig er málum háttað í stjórnnum félaga? Það er jú stjórnin sem leggur fram ársreikninginn. Þegar reikningsskilareglur eru orðnar jafn flóknar og raun ber vitni er ekki furða að maður velti því fyrir sér hvort stjórnendur og stjórnarmenn skilji og geri sér grein fyrir stöðlunum og anda reikningsskilanna, sérstaklega í ljósi þess að hinn almenn endurskoðandi sem lifir og hrærist í reikningsskilum á sjálfur fullt í fangi með að kunna skil á alþjóðlegu stöðlunum.

Það er ljóst að í fyrirvaralausum endurskoðuðum ársreikningum á notandinn að geta treyst því að reikningurinn gefi glögga mynd. Sumir vilja halda því fram að endurskoðendur hafi brugðist og ekki unnið sína vinnu sómasamlega, slíkar vangaveltur eru efni í nýja grein, en að mínu viti er þó óumdeilt að endurskoðunin er vandasamari og flóknari þegar meta þarf skynsemi í mati og væntingum stjórnenda eins og raunin er hjá markaðsskráðum félögum í dag.

Nýtt regluverk fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Alþjóðlega nefndin (IASB) hefur brugðist við þeim gagnrýniröddum að IFRS sé of stórt og flókið og eigi ekki við um lítil félög. Viðbrögðin fólust í útgáfu alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (e. SME). Væntanlega munu flest íslensk félög sem gera upp samkvæmt IFRS falla undir skilgreiningu sem lítil eða meðalstór félög. Þær breytingar sem þetta nýja regluverk munu hafa verða ekki tíundaðar hér, en þó er ljóst að þar má sjá athyglisverðar breytingar eins og afskrift viðskiptavildar þar sem 10 ár eru ákveðið viðmið. Hvenær þetta regluverk verður innleitt á Íslandi á eftir að koma í ljós. Það er mikilvægt að FLE fylgi þessu máli eftir og þrýsti á stjórnvöld að innleiða þessar reglur á Íslandi eins fljótt og auðið er.

Umræða um atriði sem máli skipta og betur mega fara

Auka þarf eftir fremsta megni umfjöllun um reikningsskil og fjárhagsupplýsingar félaga á markaði, í þeirri umfjöllun er æskilegt að fram komi hve stór hluti afkomu er innleystur, einnig er mikilvægt að umfjöllun um sjóðstreymi sé gert hærra undir höfði og hún sett í samhengi við þá afkomu sem birtist í rekstrarreikningi. Til að lesandinn geti fengið traust á niðurstöðu reikningsskilanna þá þarf að gera kröfu um ítarlegri upplýsingar varðandi beitingu reikningshaldslegs mats og allra þeirra lykilstærða sem máli skipta við mat stjórnenda. Stjórnendur félaga leita oft til ytri aðila eftir aðstoð við sitt reikningshaldslega mat, t.d. virðisrýrnunarpróf, en hve ábyggileg og áreiðanleg er sú vinna? Er öruggt að viðkomandi aðilar hafi þá þekkingu og viðhafi þau gagnrýnu vinnubrögð sem skylda ber til? Er þar um að ræða sjálfstætt mat viðkomandi ytri aðila, eða felst hans vinna í útreikningum sem byggja á forsendum sem stjórnendur láta honum í té? Ætti mögulega að birta slíkar skýrslur opinberlega í tengslum við birtingu uppgjöra þar sem stuðst er við niðurstöður þeirra?

Til að auka óhæði endurskoðandans og styrkja traust á áritun hans er mikilvægt að skoða af fullum hug hvort ekki sé þörf á því að endurskoðun félaga skráðra á markaði flytjist með reglubundnum hætti milli endurskoðenda og þá milli endurskoðunarstofa en ekki einstaklinga.

Ýmsar hæfiskröfur eru gerðar til aðila sem sitja í stjórnnum félaga. Þegar félög birta fjárhagsupplýsingar sem eru jafn háðar reikningshaldslegu mati og raun beri vitni þá ætti það að vera skýlaus krafa að innan stjórnar sé viðamikil og raunveruleg

þekking á því regluverki sem reikningsskil eru unnin útfrá. Ef þá þekkingu og þann skilning skortir hjá stjórnarmönnum, hvernig geta þeir þá metið áreiðanleika þeirra reikninga sem stjórnendur vinna fyrir þá, það er jú stjórn félagsins sem staðfestir reikninginn og leggur hann fram.

Þeir stjórnendur sem semja reikningsskilin eru oft á tíðum löggiltir endurskoðendur sem ætti að bera með sér að þeir þekki vel reikningsskilaregluverkið, en það er þó ekki sjálfgefið. Þeir sem og aðrir stjórnendur þurfa stöðugt að halda sinni þekkingu við og mega aldrei gleyma grunntilgangi reikningsskilanna, þ.e. hinni glöggu mynd, þrátt fyrir þann þrýsting sem oft er til staðar.

Opinbert eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga er mjög mikilvægt. Því miður þá hefur það eftirlit brugðist og slíkt er óásættanlegt nú á tímum. Hið opinbera verður að setja fjármagn í styrkingu þess eftirlits og væri fyrsta skrefið í rétta átt að láta það eftirlitsgjald sem tekið er af félögum sem beita IFRS renna til slíkrar eftirlitsstofnunar.

IASB hefur brugðist við gagnrýni á IFRS staðlana með því að setja á laggirnar nýtt regluverk, IFRS fyrir lítil og meðalstór félög (SME). Þetta er jákvæð þróun og mikilvægt að FLE fylgi þessu máli vel eftir og sjái til þess að innleiðing á því regluverki hér á Íslandi gangi sem best fyrir sig. Jafnframt þarf að skoða hvort ekki sé rétt að fella íslensk ársreikningalög að þessu nýja regluverki.

Erling Tómasson



Fyrsta konan með löggildingu – viðtal

Guðríður Kristófersdóttir er löggiltur endurskoðandi hjá PwC hf.

„Við vorum þrjár stelpurnar sem fórum í löggildingarprófin, Karlotta, Erna Bryndís og ég. Því miður veiktist Karlotta og náði því ekki að ljúka öllum prófunum eins og við Erna Bryndís. Á vegi Ernu Bryndísar var hins vegar önnur hindrun sem var aldurinn. Þrátt fyrir að hafa náð öllum prófunum þurfti Erna Bryndís að biðja að mig minnir í eitt ár eða þar til hún var orðin 25 ára eftir að geta fengið löggildingu. Aldursákvæðið, þ.e. að hafa náð 25 ára aldri, var eitt af skilyrðunum fyrir að hljóta löggildingu segir Guðríður. „Þess vegna varð ég sú fyrsta, en það hefði verið gaman ef við hefðum allar þrjár fengið löggildingu á þessum tíma“ bætir hún við með svolitilli eftirsjá í röddinni.

Reykjavíkurmær

Guðríður er alin upp á Skólavörðuholtinu, var í Miðbæjarskólanum og fór svo þaðan í Verslunarskólann. Hún er því ektá Reykjavíkurbarn sem naut góðs af frjálsræði þessa tíma þegar börnin gátu leikið sér úti. Þá voru líka miklu fleiri börn í hverri fjölskyldu en er í dag og Þingholtin voru skemmtilegt leiksvæði. „Ég vann í fiski sem unglingur, líka í mjólkurbúð eitt sumar og upp úr því vann ég í banka. Tók svo stúdentspróf frá Versló og fór eftir það að vinna hjá endurskoðunarskrifstofu. Ég ætlaði reyndar að fara í viðskiptafræði í Háskólanum en ég hugsaði með mér að það væri allt í lagi að prufa að vinna þarna, sem varð svo til að ég sleppti alveg háskólanáminu. Skrifstofan var N. Manscher & Co. sem er forveri PricewaterhouseCoopers



og starfsmenn voru þá 11 talsins“ segir hún og hugsar til baka.

Vélritun skipti sköpum

„Lífið er ekkert nema tilviljun“ segir hún. „Það var tilviljun að ég fór í Versló og tilviljun að ég gerðist endurskoðandi“ bætir hún við. „Kennarinn minn í Miðbæjarskólanum hvatti mig til að fara í Versló. Já hvers vegna ekki hugsaði ég. Ég ákvað að skella mér í inntökuprófin og náði inn“. Það er með Guðríði eins og svo marga endurskoðendur að viðskiptafögin lágu vel fyrir henni sem leiddi til þess að skólinn benti á hana þegar endurskoðendastofa var að leita hófanna með nema. „Ég fór í viðtal til Sigurðar Jónssonar sem var eigandi N. Manscher & Co. á þessum tíma og varð að sýna fram á að ég kynni bæði vélritun og á reiknivél. Það var staðið yfir mér og fylgst með á meðan ég vann verkefni sem sett voru fyrir mig. Þeir hafa væntanlega ætlað sér að grípa til mín í vélritun á ársreikningum ef á þyrfti að halda en sem betur fer varð aldrei neitt úr því“ segir hún svolítið spök á svipinn.

Erfitt nám

„Viðtalið gekk vel og ég komst á nemasamning hjá N. Manscher & Co. Auk vinnunnar á skrifstofunni byggðist endurskoðunarnámið upp á kvöldnámskeiðum á haustin. Segja má að námskeiðin hafi verið fyrri hlutinn að löggildingunni á meðan sjálf löggildingarprófin voru seinni hlutinn. Eftir hvert fag sem stóð eina haustönn var farið í próf. Ef nemandi féll á prófinu var hann dottinn úr lestinni og þurfti að byrja námskeiðin alveg frá grunni og líka að taka upp þau fög sem viðkomandi hafði þegar staðið. Viðskiptafræðingarnir og lögfræðingarnir gátu sleppt fyrstu námskeiðunum við hin urðum að taka allan pakkann. Af þeim 60 sem byrjuðu á námskeiðunum um leið og ég, auk viðskiptafræðinganna og lögfræðinganna, voru við einungis 15 sem náðum að fara í gegnum bæði fyrri og seinni hluta námsins og standast öll prófin í fyrstu tilraun. Það var þá alveg eins og í dag erfitt að komast í gegnum námið. Við fórum í löggildingarprófin 1974 en eftir erfiða fæðingu lá niðurstaðan loks fyrir um páskaeytið 1975“ segir hún svo snögg upp á lagið.

Frelsi til að ala upp börnin

„Ég á tvö börn og þrjú barnabörn“ segir hún stolt í bragði. „Ég hætti í lok ársins 1976 þegar ég gekk með seinna barnið því það þótti ekki við hæfi að standa í barneignum „yfir hávertíðina“ svo ég réði mig bara á meðan til að sjá um bókhald hjá tveimur fyrirtækjum. Ég kom mér upp ágætis vinnuáðstöðu heima við og hafði frelsi til að ráða tíma mínum sjálf – gerði þetta til að geta alið upp börnin mín. Við hugleiddum það samt hjónin, hvort ég ætti að fara út á vinnumarkaðinn aftur en hann tæki að sér að sjá um heimilið og barnauppeldið en ákváðum svo að betra væri ef ég yrði heima“ og hún sér ekki eftir því þegar hún lítur til baka.

Kvenmanns- eða karlastarf?

„Ég hugsaði aldrei um starfið sem kvenmanns- eða karlastarf,

hugleiddi aldrei kynjahlutverkið í þessu sambandi. Ég man heldur ekki eftir að nokkur hafi gert athugasemdir um það að ég sem kona færi í þetta starf. Það lá einhvern veginn beint við að ég færi í þetta því ég hef haft gaman af tölum, alveg frá barnsaldri“ bætir hún við, svona eins og til staðfestingar. „Ég sé heldur ekki kynjamun í stéttinni, en það á við um konur í þessari stétt eins og konur almennt að þær eru mun nákvæmari að eðlisfari en karlar sem reyndar getur verið hvort heldur sem er kostur eða löstur. Ef hægt er að tala um kynjamun í stéttinni þá fá konur líklega ívið hægari framgang sem eigendur (partner) en karlar, ég held samt að það hafi breyst því kynið skiptir í raun engu máli heldur fyrst og fremst persónan sem slík“ segir hún með áherslu.

Fjölbreytileiki

„Fyrsta verkefnið mitt í endurskoðun var hjá Vita- og hafnarmálaskrifstofnun og mér var í raun bara hent út í djúpu laugina. Annars hef ég verið mjög heppin með hvað ég hef fengið að takast á við í starfi og fengið fjölbreytt verkefni. Fyrstu árin var tekið tillit til þess að maður var með lítið barn en álagið kom svo eftir það. Ég vann mikið fyrir stór fyrirtæki bæði við endurskoðun og uppgjör. En okkur gekk vel að samlaga vinnu og fjölskyldu enda átti ég skilningsríkan eiginmann“ segir hún brosandi og bætir svo við „það sést best á því að við erum búin að vera gift í 38 ár. Mér finnst reyndar vinnan í reikningshaldi og uppgjöri mun skemmtilegri en endurskoðun“ segir hún svo „en fjölbreytileikinn skiptir þó mestu máli“ klykkir hún út með.

Grænn penni og stimplar

„Ég virðist vera lotumanneskja“ segir Guðríður og bætir við að nú sé hafin þriðja lotan hennar hjá PricewaterhouseCoopers. „Það hefur orðið mikil breyting á milli þessara tímabila sem ég hef verið hjá félaginu því þróunin í endurskoðun hefur verið hröð“ segir hún og útskýrir betur hvað hún á við. „Sjáðu til, þegar ég byrjaði í endurskoðun þá gekk hún út á það að yfirfara fylgiskjöl og bera saman við handskrifaðar dagbækur, fylgiskjölin stimpluð sem yfirfarin og í dagbókina var merkt við færslur með grænum penna“ segir hún og stimplar með hendinni á borðið fyrir framan sig og hlær við. „Þannig gat maður séð hvað maður var búinn að fara yfir í dagbókinni. Svo breyttist þetta og maður þurfti ekki lengur að stimpla fylgiskjölin“ segir hún og brosir. „Reiknivélarnar voru einfaldari í þá daga. Margföldun var í raun framkvæmd með samlagningu en þó þannig að fyrir hvern tug sem átti að margfalda þurfti að færa til takka. Mér er minnisstætt þegar ég sá fyrstu elektrónisku reikningsvélina. Ég var að endurskoða í fyrirtæki úti í bæ þegar fyrsta vélin var keypt af því fyrirtæki. Þetta þótti slíkt undratæki að seljandinn kom sjálfur með vélina til þess að kenna á hana og starfsfólkið safnaðist saman í kringum hann til þess að læra á vélina.“ segir hún og hlær við tilhugsunina. „Þegar ég byrjaði aftur að vinna hjá PwC árið 1988, lita númer tvö, voru tölvurnar að koma til sögunnar. Fyrst vorum við tvö saman með tölvu og skiptumst á með að nota hana. Líklega var þetta IBM tölva ef ég man rétt“ segir hún og hnyklar brúnirnar. Guðríður skipti um starf árið

2000 og réði sig til Marel sem forstöðumaður reikningshalds fram á vor 2009 að hún fór aftur til PwC.

Breytingarnar allar fram á við

„Hlutirnir hafa breyst mjög mikið frá því sem var – nánast orðið kúvending. Nú eru til dæmis komnir til sögunnar hinir ýmsu staðlar sem og hugbúnaður til að halda utan um endurskoðunina. Áherslurnar hafa breyst frá því ég hóf mitt nám en það er engin spurning að framfarirnar hafa orðið miklar.

Það skiptir máli að endurskoðendur byggji endurskoðun sína upp á faglegan hátt“ segir hún og lýkur svo viðtalinu með því að benda á það að það sé ekki hægt fyrir einn aðila að ætla að halda sér við á öllum sviðum er lúta að starfi endurskoðandans og því sé sérhæfing að verða meiri innan stéttarinnar.



Konur í endurskoðun

Ingunn H. Hauksdóttir er formaður Félags kvenna í endurskoðun og löggiltur endurskoðandi hjá KPMG hf.

Eins og gildir um svo margar starfsstéttir þá er staðalmynd endurskoðandans karlkyns. Líklega kemur fyrst upp í hugann mynd af miðaldra karli með axla- og ermabönd, der og stóra reiknivél. Ímyndir af þessum toga breytast hægt þótt raunveruleikinn taki stakkaskiptum. Raunin nú er sú að 59% þeirra sem útskrifuðust úr Háskóla Íslands árið 2009 með meistaraþráðu í endurskoðun voru konur. Það er því líklegt að miklar breytingar verði á næstu árum og áratugum hvað varðar kynjaskiptingu endurskoðenda, þegar konur standa undir meirihluta endurnýjunar í greininni.

Á skömmum tíma hefur þannig orðið umbylting í endurskoðun, enda er ekki lengra síðan en 1975 að fyrsti kvenendurskoðandinn útskrifaðist hér á landi. Fyrir okkur sem höfum alist upp við aukið jafnræði kynjanna er undarleg tilhugsun að ímynda sér starfsumhverfið sem blasti við fyrstu konunum í endurskoðun. Samstarfsfélagarnir voru nánast allir karlkyns og hafa líklegast haft önnur áhugamál, talað öðruvísi og tamið sér ólíka siði í samskiptum. Við þær aðstæður hefur þurft mikla áræðni til þess að taka þátt í þeirri samkeppni sem jafnan ríkir bæði milli fyrirtækja og innan þeirra um viðskiptavini, störf og stöður.

Nýir tímar – nýjar fyrirmyndir

Þegar samsetning hópa breytist, eins og gerðist þegar konur fóru í auknum mæli að starfa í endurskoðun, skiptir miklu að þær eignist góðar fyrirmyndir og finni að þær eigi bæði erindi í starfið og tækifæri til að ná sambærilegum árangri og starfsbræður þeirra. Það er ekki óeðlilegt að sú þróun taki tíma, og til að stuðla að henni var Félag kvenna í endurskoðun, eða FKE, stofnað í janúar 2005.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf, efla tengsl og styrkja stöðu kvenna sem hlotið hafa löggildingu í endurskoðun

á Íslandi. Tilgangi félagsins skal náð meðal annars með því að mynda tengslanet innan stéttarinnar og við konur í öðrum sambærilegum félögum. Einnig að stuðla að fjölgun kvenna í endurskoðun, svo sem með því að gera konur í endurskoðunarstétt sýnilegri, svo til sé fagleg fyrirmynd fyrir ungar konur.

FKE hefur verið í góðu samstarfi við önnur fagfélög kvenna sem starfa í svokölluðum karlastéttum, þ.e. Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands, Félag kvenna í læknastétt á Íslandi og Félag kvenna í lögmennsku, og hefur hitt þau reglulega og félagsmenn rætt málin. Jafnframt hefur félagið staðið fyrir hádegisfundum og fengið til sín góða fyrirlesara auk þess að halda ýmis námskeið. Má þar helst nefna námskeið um tengslanet kvenna, fundarstjórn, framkomu í fjölmiðlum og fleira.

Staða kynjanna

Fólk af þeirri kynslóð sem nú situr við stjórnvölinn í atvinnulífinu ólst margt hvert upp við annars konar viðhorf til kynjanna og atvinnuþátttöku kvenna en okkur þykja sjálfsögð í dag. Í þeirra hópi eru konur ekki fjölmennar og þar sem reynsla ræður miklu um hverjum er treyst fyrir ábyrgð getur liðið töluverður tími þar til jöfnuður milli kynjanna næst meðal stjórnenda. En í ljósi þess að nú eru liðnir nokkrir áratugir frá því að konur urðu umtalsverður hluti þeirra sem stunda endurskoðun er þörf á að íhuga hvort þær hafi raunverulega sömu tækifæri og karlarnir.

Getur til dæmis verið að enn eimi eftir af þeirri karlamenningu sem áður gat talist eðlileg í ljósi kynjaskiptingarinnar? Getur verið að stjórnendur fyrirtækja freistist til þess að veita karlmönnum framgang frekar en konum af ótta við að „missa þær í barneignir“? Getur verið að ungir karlmenn eigi auðveldara með að tengjast þeim sem hafa mest áhrif á



starfsframa, launakjör og umbun í starfi – sem þrátt fyrir allt eru aðrir karlmenn?

Ég þykist ekki vita svarið við þessum spurningum, en velti þeim upp hér af því ég tel þær vera gildar og tel að endurskoðendur af báðum kynjum, ættu að leita svars við þeim hjá sjálfum sér. Ef við vitum hvar lamirnar geta brotnað er líklegra að við göngum um af varúð og komum í veg fyrir óréttlæti.

Í raun og veru er ekki svo flókið að komast að því hvort tækifæri karla og kvenna séu jöfn í raun. Það eina sem þarf að gera er að bera saman starfsframa þess fólks sem komið hefur inn á vinnumarkaðinn síðustu tuttugu ár eða svo. Með réttu ættu karlar og konur af þeirri kynslóð að hafa náð sambærilegum árangri í starfi. Ef slíkur samanburður leiðir í ljós að svo sé ekki er þörf á endurmati.

Framtíð kvenna í endurskoðun

Félag kvenna í endurskoðun er nauðsynlegur félagsskapur til að styrkja áhrif kvenna í endurskoðun. Þegar upp er staðið skiptir kyn endurskoðandans þó vitaskuld engu máli um hæfni hans eða getu. Því standa engin rök til annars en að stelpur og strákar sem vilja gera endurskoðun að ævistarfi sínu eigi nákvæmlega sömu möguleika á að gera þann draum að veruleika og ná langt á eigin verðleikum. Það er hlutverk okkar allra að tryggja að það sjálfsagða réttlæti sé sá raunveruleiki sem við búum við.

Ingunn H. Hauksdóttir



Annað starfsumhverfi

Guðmundur Páll Atlason, er löggiltur endurskoðandi í Bandaríkjunum og starfar hjá PricewaterhouseCoopers hf á Íslandi

Kynningarnefnd FLE hafði samband við Guðmund Pál Atlason í þeim tilgangi að forvitnast um muninn á starfsumhverfi endurskoðenda á Íslandi og í Bandaríkjunum. Guðmundur er fæddur hér á Íslandi og flutti níu ára gamall til Albany í New York fylki. Hann kom reglulega heim á sumrin og dvaldi hjá fjölskyldu sinni hér á landi og gat þannig haldið við bæði tengslum og tungumáli. Hann útskrifaðist úr State University of NY með BS gráðu í endurskoðun. Námið var erfitt og hann orðinn þreyttur á staglinu og réði sig því í óskyld verkefni hjá General Electric Company (GE). Þar vann hann margvísleg verkefni og fékk góða tilfinningu fyrir rekstri fyrirtækja og þeirri kostnaðarhugsun sem býr að baki góðum rekstri. Hann vann líka töluvert með endurskoðendum fyrirtækisins á þessum tíma og þetta varð til þess að áhugi hans á faginu vaknaði að nýju. Þegar hann fékk svo tækifæri til að vinna við endurskoðun hjá PricewaterhouseCoopers í Boston greip hann það, en valdi svo að ljúka löggildingarprófinu í NY fylki til þess að geta áritað þar. Hann fékk síðan tækifæri til að koma hingað og vinna hjá PwC á Íslandi og kynna hvernig endurskoðun er háttað hér á landi. Það eru því hæg heimatökin hjá Guðmundi Páli að gera samanburð í þessa átt.

Löggilding endurskoðenda í Bandaríkjunum

Menn fara oftast þessa hefðbundnu leið að taka BS próf í fjármálum eða meistaraþráðu, fara svo í starfsnám hjá fyrirtækjum og að lokum í löggildingarprófið. Menn þurfa svo

að vinna í 2 ár áður en þeir fá að fara í prófið, en það er þó svolítið mismunandi eftir fylkjum. AICPA (American Institute of Certified Public Accountants) sér um að búa til spurningar fyrir prófið og samræma milli fylkja, en umsjónarmaður prófsins er NASBA (National Association of State Board of Accountancy). Það finnst allar upplýsingar um prófið og mismunandi reglur fylkja á www.nasba.org. Prófið er í 4 hlutum: endurskoðun, viðskiptum, fjármálum og regluverki. Inn í þetta fléttast svo skattamál og fleira sem að faginu snýr. Smám saman er verið að ýta löggildingunni meira inn í IFRS staðlana. Löggildingin gildir formlega í því fylki sem prófið fer fram en gildir í raun alls staðar í Bandaríkjunum en sækja þarf um sérstakt leyfi til að fá að árita í öðrum fylkjum og greiða eitthvað fyrir það.

Starfsumhverfi endurskoðenda

Að mörgu leyti má segja að Evrópa sé komin framar í staðlamálum og innleiðingu þeirra en Bandaríkin. Endurskoðendur sem hafa þekkingu á IFRS hafa öðlast reynslu í að túlka undirliggjandi hugtök að baki staðlana og efla heildarmyndina sem á að koma fram í þeirra vinnu. Í Bandaríkjunum eru staðlar meira notaðir sem umgjörð eða rammi um starfið. Annar munur sem hægt er að finna í Bandaríkjunum er áritað í nafni endurskoðunarfyrirtækis en ekki einstaklings, en hér á landi sést að ábyrgðin er fyrst hjá endurskoðandanum sjálfum sem einstaklingi og síðan hjá endurskoðunarfyrirtækinu. Endurskoðendur á Íslandi bera því

einnig ábyrgð á þeirri túlkun á stöðlum sem þeir nota í vinnu sinni. Lesandi ársreikninga í Evrópu getur því séð á árituninni hvaða endurskoðandi er ábyrgur fyrir vinnunni.

Regluverkið

Gagnsæi er mjög mikilvægt og áberandi í IFRS stöðlunum. Grunnhugsunin er einföld en hún gengur út á það að lesandi ársreiknings eigi að fá skv. þeim fullnægjandi upplýsingar til þess að geta tekið ákvörðun t.d. um kaup í félagi. Bandaríkin miða við sérsniðna staðla í meira mæli en IFRS sem er til komið að því að of flóknir staðlar og regluverk eru ekki alltaf til þess fallnir að koma að skýrari upplýsingum. Bandaríkjamenn hafa lært í gegnum tíðina að fullkomnari reikningsskilareglur finnast frekar í vel hugsuðum og túlkuðum markmiðum frekar en í flóknum og óskiljanlegum reglum þar sem alltaf finnast göt í regluverkinu. Ef reikningsskil eru skoðuð hér á landi þá gengur innleiðing gagnsæis frekar hægt. Endurskoðendur og stjórnendur halda oft að lesandi hér skilji meira en hann gerir. Menn eru líka hræddir við að gefa of miklar upplýsingar sem samkeppnisaðilar geti svo nýtt sér. Það er þó mikilvægt að lesandi geti fengið sem gleggsta mynd af stöðu fyrirtækisins frá skýringum skrifuðum á mannamáli svo hægt sé að meta betur áhættuna sem felst í fjárfestingum. Sem dæmi má sjá að í Bandaríkjunum eru menn oft búnir að meta áhættuna frá mörgum hliðum og taka tillit til óvissu í umhverfinu þar sem fyrirtæki starfa. En þrátt fyrir það kemur alltaf eitthvað upp sem ekki var búið að útskýra nógu vel fyrir þeim sem höfðu hagsmuna að gæta í rekstrinum. Ef skýringar gagnvart áhættu og óvissu eru ekki góðar, skiljanlegar, gildar og gagnsæjar þá rýrir það traust bæði fyrir viðskiptavininn og endurskoðunarfyrirtækið og það er slæmt.

Hlutverk endurskoðenda

Það fyrsta sem ég rak augun í þegar ég kom hingað heim er að hlutverk endurskoðenda er annað en í Bandaríkjunum. Mikil virðing er borin fyrir endurskoðendum þar og menn jafnvel hræðast þá svolítið. Það sýnir sig t.d. í því að þar ytra eru menn alveg tilbúnir með öll gögn sem endurskoðandinn þarf aðgang að en hér heima þarf meira að toga upplýsingar og gögn út úr viðskiptavininum. Endurskoðendur eyða því allt of miklum tíma í gagnaöflun hér heima. Viðskiptavinir hér á Íslandi vilja að endurskoðendur aðstoði við gerð skýringa í reikningsskilum og vinni jafnvel líka hluta af reikningsskilunum sjálfum. Það er gott að sjá að stjórnendur virðist yfirleitt treysta endurskoðendum mjög vel hérna. Kannski líta sumir stjórnendur á okkur sem mikilvægan hluta af þeirra innri eftirliti og eru því ekki með eins virkt innra eftirlit og tíðkast í Bandaríkjunum. Þar er það yfirleitt miklu skilvirkara og innbyggt í starfsemi fyrirtækjanna í Bandaríkjunum. Endurskoðendur gefa fyrst og fremst álit á reikningsskilum en þeir byggja mun meira á úrtaksskoðunum á innra eftirliti til þess að meta það, samkvæmt þremur flokkum. Enginn vill lenda í versta flokknum en veikleiki þar getur haft áhrif á sjálft reikningshaldið. Þessir flokkar eru gerðir með gagnsæi og lesanda ársreikninga í huga. Það má segja að umræðan um innra eftirlit hafi verið dálítið langt á eftir

hér á landi, en það er kannski líka ekki svo slæmt því innra eftirlit í Bandaríkjunum hefur reynst allt of kostnaðarsamt fyrir fyrirtækin, þegar Sarbanes Oxley (SOX) reglurnar tóku fyrst gildi. Þar en nú unnið að því að einfalda eftirlitið. Mikilvægast er þó að endurskoðendur kanni hvort að stjórn er að viðhalda innra eftirliti allt árið um kring.

Sérhæfing

Í Bandaríkjunum hefur verið borin mikil virðing fyrir stéttinni sem byggð er á trausti í sérhæfingu. Þar er orðin mikil sérhæfing enda endurskoðunarstofurnar stórar, en þetta hefur líka sína galla. Hér heima finnst mér þetta að mörgu leyti vera betra. Það má líkja íslenskum endurskoðendum við svissneskan vasahníf – þeir geta gert svo margt enda látnir vinna með mörgum viðskiptavinum og að alls konar verkefnum fyrstu árin. Endurskoðandi þarf að geta sett upp marga hatta og horft á málin frá sjónarhóli lögfræði, bókarans, eftirlitsmanns og fleiri aðila. Í Bandaríkjunum verða menn sérhæfðir mjög fljótt en vantar þá yfirsýn og reynslu til að ráða við önnur mál.

Símenntun

Löggiltir endurskoðendur þurfa ekki að skila inn endurmenntunareiningum fyrstu tvö árin eftir að þeir fá löggildingu. Menntunareiningar kallast CPE (Continuing Professional Education) og eru svipaðar og hér á landi. Fyrir utan ráðstefnur og námskeið í endurmenntun eins og má finna hér á landi þá eru í Bandaríkjunum umræðuhópar sem endurskoðendur geta skráð sig í og fengið einingar fyrir. Hóparnir eru yfirleitt fámennar eða 25 manns að hámarki. Þeir hittast reglulega og þar fer fram fagleg umræða. Þessir hópar geta stundum haft áhrif á nýjar endurskoðunar- og reikningsskilareglur með því að undirbúa sameiginlega skoðun á einhverjum tæknilegum málum sem er svo samþykkt af AICPA eða NYSSCPA (New York State Society of Certified Public Accountants) og skila til IFAC, SEC, PCAOB, o.s.frv. Í New York svæðinu eru sem dæmi um það bil 20 hópar starfandi. Menn eru hvattir til þess að vera virkir í nefnd eða einhverjum hópi en þar öðlast menn reynslu, kynnast innbyrðis og mynda sambönd og tengsl.

Almennt má segja að hvort heldur sem er í Bandaríkjunum eða hér heima á Íslandi, þá eru þetta spennandi tímar að vinna við endurskoðun og framtíðin á þessu sviði er björt.

Guðmundur Páll Atlason



Löggildingin er einhvers staðar ofan í skúffu – viðtal

Sigurður Stefánsson starfaði sem löggiltur endurskoðandi 1949-1993

Hann gengur fimm kílómetra á dag, léttur í spori eins og unglamb þótt hann sé kominn vel yfir áttætt, fæddur í júní 1923. Sigurður Stefánsson heitir hann og starfaði sem endurskoðandi frá því 1949 allt fram til sjötugs en þá fannst honum tími til kominn að gera eitthvað annað en að vinna. Hann fagnaði þeim áfanga á síðasta ári að liðin eru 60 ár frá því að hann hlaut löggildingu sem endurskoðandi.

Hógværðin uppmáluð

„Ég er alveg þrýðilega sáttur með þetta val á ævistarfi“ segir hann þegar hann er spurður út í ástæður þess að hann gerðist endurskoðandi. „Ég fór í Verslunarskólann og var sæmilegur í bókhaldi“ bætir hann við af mikilli hógværð. Reyndin er sú að hann glansaði á prófunum og fékk bókhaldsbikarinn sem veittur var þeim nemendum sem stóðu sig afburða vel. Þeir sem ráku þessar örfáu endurskoðunarstofur í landinu voru svo í sambandi við skólann og sátu fyrir þessum kláru nemendum til að fá þá í vinnu. Endurskoðunarstofan Manscher & Co. réði því Sigurð í vinnu tvítugan að loknu verslunarskólaprófi.

Nám endurskoðenda

Árið 1946 eða 47 var stofnuð námsbraut í viðskiptafræði HÍ fyrir verðandi endurskoðendur. Í upphafi var kennt á kvöldin frá september til desember og tók námið tvo vetur. „Gylfi Þ. Gíslason kenndi bókhald og reikningsskil – hann passaði svo vel upp á brotin í buxunum sínum að hann settist varla niður“ segir Sigurður og kímur svolítið við minninguna. „Það voru margir mætir menn sem kenndu þarna með honum“ segir hann „og svo voru haldin munnleg og skrifleg próf“ bætir hann við. Prófnefnd löggiltra endurskoðanda var þá tekin til starfa og sá um prófin og þá var vinnuskyldan á stofnunum að lágmarki fjögur ár áður en hefja mátti námið. Prófin tóku tvo daga og voru haldin í ráðuneytinu. „Bjarni Benediktsson skrifaði undir mína löggildingu sem er líklega einhvers staðar niður í skúffu“ svarar hann og finnst ekki mikið til um að vera handhafi elsta löggildingarleyfisins á lífi í dag.


Þér um yður...

„Ég var í starfsnámi hjá Sigurði Jónssyni og Jóni Guðmundssyni í Manscher & Co. Á þessum tíma var ég annar af tveimur nemendum og á stofunni unnu sex manns fyrir utan skrifstofudömunar. Þá var mikið lagt upp úr snyrtilegum klæðnaði og maður þurfti að þera yfirmennina. Þeir buðu mér reyndar dús þegar hálf tálk var liðið. Með þér var hægt að halda fólki í svolítili fjarlægð en nú þérar enginn í dag, fólk kann þetta líklega ekki lengur“ segir hann og brosið nær svo sannarlega til augnanna.

Allt talið með mikilli nákvæmni

„Það fyrsta sem ég þurfti að gera í vinnunni hjá Manscher

& Co. var að leggja saman allar sölubækur ÁTVR, en þá var öll salan færð í venjulegar nótubækur í þríriti. Svo þurfti ég að endurskoða hluta af bókhaldinu og meira að segja fara í lagertalningu um áramótin. Lagerinn var niðri á Skúlagötu og þetta var nokkurra daga vinna að telja allar flöskurnar sem stóðu í miklum trékkum og allt var talið af mikilli nákvæmni“ svarar hann þegar fyrstu verkefni ber á góma.



Fengum laun eins og búðarfolk

„Launin voru léleg á skrifstofunni, ég fékk nokkurs konar nemalaun sem stóðu nánast óbreytt þar til löggildingin fékkst. Þetta var svona svipað og fyrir afgreiðslu í búðum“ segir hann og hristir höfuðið yfir óréttlæti heimsins. „Taxtarnir voru mjög lágir en líklega vegna þess að stéttin var að marka sér sess. Þetta var í lok stríðsins og svo fór þetta aðeins að hífast upp á við, en kúnnarnir voru svo sem ekki burðugir heldur á þessum tíma“ bætir hann svo við til skýringar.

Langur vinnutími

„Vinnutíminn eftir áramót var frá níu að morgni til klukkan sjö á kvöldin eða lengur, sérstaklega á vorin alveg fram í júní. Þá var almennt unnið á laugardögum og oft á sunnudögum líka“ segir hann og rifjar upp ferð til Danmerkur sem hann fór ásamt félaganum sínum og þar var svipað fyrirkomulag. Það að vera með bókhaldsþjónustu líka jafnaði vinnutímann yfir árið því að júní mánuði loknum var svo farið í bókhaldið. Það var lítið um milliuppgjör en í þessum tveimur fyrirtækjum sem ég vann með, Víðifelli og Kol og salt, var gert upp mánaðarlega. Það var alltaf unnið mikið um páska en við fengum jólafrí og þriggja vikna sumarfrí“ segir hann eftir að hafa útskýrt vinnufyrirkomulagið sem auðvitað ber keim af lögbundnum verkefnum enn þann dag í dag.

Sérhæfður í sjávarútvegi

Sigurður hætti síðan hjá Manscher & Co. árið 1952 og stofnaði eigin stofu. Hann vann aðallega fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, fiskvinnslustöðvar og útgerð um allt land. Hann þurfti því að ferðast töluvert mikið um landið en þá voru frystihúsín að byggjast upp. Því má segja með sannri að hann hafi fljótlega sérhæft sig á þessu sviði. Magnús Elíasson endurskoðandi var fyrsti starfsmaður Sigurðar og síðar meðeigandi að stofunni.

Varð að fá sendar almennilegar ullarbuxur

„Ég man vel eftir því að árið 1950 var ég sendur norður í land að endurskoða Siglufjarðarbæ ásamt rafveitu og verksmiðju sem bærinn átti og sitthvað fleira. Þegar ég skoðaði aðalbókina til að sjá ársbyrjunartölurnar – þá var hún ekki til. Það var hins vegar til prentaður ársreikningur svo ég tók hann upp á ballansinn, en hann var rangur, ég varð því að fara aftur í tímann til að fá réttar tölur. Ég lenti því í miklum vandræðum með að ná þessu heim og saman en þetta blessaðist þó allt. Ég var reyndar svolítið hissa þegar bókhaldið stemmdi við sjóðseign og bankainnistæður“ segir hann. Sérstaklega man hann eftir kuldanum á Siglufirði. „Það var svo kalt á skrifstofunni þarna að ég varð að fá sendar almennilegar ullarbuxur að heiman til þess að geta unnið þarna“ segir hann og hristir hausinn yfir þessum minningum.

Tæknin hefur breytt miklu

„Mesta breytingin í faginu er tölvuvæðingin en með henni minnkuðu líka samskiptin. Það var allt miklu persónulegra hér

áður fyrr og mikið atriði að geta átt góð samskipti við fólk. Fjarskiptin hafa líka breytt mjög miklu og svo tæknin eins og rafmagnsreiknivélarnar sem komu eftir stríðið og léttu mönnum lífið, eins var þetta með ljósritunarlínunum“. Sigurði gekk reyndar mjög vel að tileinka sér tæknina enda með góðan grunn í vélritun frá Versló.

Að lokum

Sigurður er kvæntur Önnu Jónsdóttur og eiga þau þrjú börn og 12 afkomendur til viðbótar. Björg dóttir hans er endurskoðandi hjá Deloitte, annar sonurinn vinnur við bókhald og hinn er framkvæmdastjóri við skipasmíðastöð suður í Njarðvíkum. Hann stendur upp, réttir úr bakinu, tekur upp bíllyklana og kveður með þau heilræði á vörum „að endurskoðendum farnist vel ef þeir eru samviskusamir og standi fast á sínu“.



Norræna endurskoðendasambandið

Margret G. Flóvenz er forseti NRF og löggiltur endurskoðandi hjá KPMG hf.

Norræna endurskoðendasambandið (NRF) var stofnað í Ósló árið 1932 og er að líkindum elsta fjölþjóðlega félag endurskoðenda í heiminum. Félög endurskoðenda á öllum Norðurlöndunum eiga aðild að sambandinu. Þar til síðast liðið sumar voru aðildarfélögin fimm en að aðalfundi sambandsins í ágúst 2009 bættus við tvö aðildarfélög þ.e. félög skráðra endurskoðenda í Finnlandi og Danmörku.

Verkefni sambandsins eru fjórþætt. Í fyrsta lagi hafa norrænu endurskoðenda félögin sameinast undir nafni NRF um að tilnefna fulltrúa í nefndir og ráð á vegum alþjóðlegra samtaka endurskoðenda, fyrst og fremst Alþjóðasambands endurskoðenda (IFAC) og Evrópusambands endurskoðenda (FEE). Þessar sameiginlegu tilnefningar hafa leitt til þess að Norðurlöndin hafa átt mun fleiri fulltrúa hjá þessum stofnunum en ella. Sem stendur er einn af varaforsetum IFAC og verðandi forseti þess, Göran Tidström, tilnefndur af NRF auk þess sem Krístrún Ingólfssdóttir á sæti í menntunarnefnd IFAC sem fulltrúi NRF. Nokkuð er á brattann að sækja verðandi aðild að nefndum og ráðum beggja þessara samtaka enda hafa fulltrúar annarra heimshluta sóst í auknum mæli eftir þátttöku í alþjóðastarfi.

Annað af meginhlutverkum NRF er miðlun upplýsinga á milli Norðurlandanna og hefur sá þáttur í starfseminni orðið FLE

og íslenskum endurskoðendum að miklu gagni. Í þriðja lagi hefur NRF unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum og hafa þá verið myndaðir tímabundnir vinnuhópar um þau verkefni. Nú sem stendur er vinnuhópur um endurskoðun smárra og meðalstórra fyrirtækja að störfum.

Fjórdi meginverkefni NRF er skipting kostnaðar en aðildarfélögin deilda með sér kostnaði við samstarfið og þátttöku í alþjóðlegu starfi. Kostnaðarhlutdeild FLE er 5%. Þessi kostnaðarskipting er ekki síst mikilvæg fyrir lítil félög eins og FLE enda hefði félagið illa bolmagn til að fjármagna setu eigin fulltrúa í alþjóðlegum nefndum að öðrum kosti.

NRF hafði til skamms tíma aðsetur í Stokkhólmi en hefur nú flutt skrifstofu sína til Kaupmannahafnar. Björn Markland sem gengt hefur stöðu framkvæmdastjóra sambandsins um alllangt skeið lætur af störfum nú um áramótin og við tekur Jens Röder og mun hann gegna starfi framkvæmdastjóra í fullu starfi. Ekki eru fleiri starfsmenn hjá sambandinu.

Aðalfundur NRF er haldinn í ágúst ár hvert og sækja hann formenn, varaformenn og framkvæmdastjórar aðildarfélaganna. Fundurinn er haldin til skiptis í löndunum fimm og kemur það í hlut FLE að halda hann á Íslandi árið 2010. Formennska sambandsins færir einnig reglubundið á milli landa en forseti



NRF er kjörinn til tveggja ára í senn. Á aðalfundi 2009 var undirrituð kjörinn forseti NRF til ársins 2011. Auk aðalfunda á hvert hittast formenn og framkvæmdastjórn einu sinni á ári en meginstarfsemin hvílir á herðum framkvæmdastjóra aðildarfélaganna og framkvæmdastjóra sambandsins en þessir aðilar halda mánaðarlega símafundi auk annarra samskipta og funda.

Tilvist NRF er mikilvæg fyrir aðildarfélögin þar sem hagsmunir norrænna endurskoðenda fara saman í mörgum tilfellum enda aðstæður og uppbygging samfélagsins svipuð á öllum Norðurlöndunum og þarfir og nálgun öll því sambærileg.

Margret G. Flóvenz



Starfsemi FLE

Sigurður B. Arnþórsson er löggiltur endurskoðandi og framkvæmdastjóri FLE

Miklar breytingar hafa orðið í starfsumhverfi FLE með tilkomu nýrra laga um endurskoðendur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009 og ýmsar skyldur lagðar á herðar félagsins sem því er ætlað að sinna. Í lögunum kemur fram að endurskoðendum beri að rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og staðla um gæðaeftirlit. Kröfur til menntunar sem og endurmenntunar hafa verið auknar og hlutverk Endurskoðendaráðs er orðið mun víðtækara en áður.

Allar þessar breytingar á starfsumhverfi endurskoðenda kalla því á miklar breytingar á starfsemi félagsins og hafa reyndar þegar gert á mörgum sviðum. Það var því ekki að ástæðulausu sem stjórn félagsins sá ríka ástæðu til þess að láta fara fram stefnumótunarvinnu meðal félagsmanna haustið 2008 í þeim tilgangi að fara yfir starfsemi og skipulag félagsins. Sterk skilaboð komu fram varðandi endurmenntun og upplýsingaflæði til félagsmanna sem félagið hefur reynt að bregðast við.

Eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar í ársbyrjun 2009 var að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf. Á vormánuðum urðu síðan aftur mannabreytingar á skrifstofu félagsins og var þá ráðinn skrifstofustjóri í fullt starf. Ætlun stjórnarinnar var sú að verkefnum yrði að hluta til létt af stjórn félagsins og faglegt innra starf FLE yrði meira. Einnig að skapa grundvöll til að bregðast við þeim óskum sem höfðu komið fram í stefnumótunarvinnunni og þeim kröfum sem breytt starfsumhverfi endurskoðenda kallar á.

Starfið framundan

Félagið hefur verið að kanna ýmsa möguleika á frekara námskeiðahaldi og hefur það verið gert í samstarfi við nefndir félagsins og einstaka félagsmenn. Út úr þeirri vinnu hefur komið grunnur að námskeiðum eða morgunfundum sem tækju á hinum ýmsu faglegu málum sem þörf væri á hverju sinni. Þar mætti meðal annars fara yfir alþjóðlegu

endurskoðunarstaðlana með sambærilegum hætti og gert var þegar alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir voru innleiddir á sínum tíma. Fyrirhugað er að morgunkornin verði haldin í þeim mánuðum þar sem ekki eru ráðstefnur fyrir á vegum FLE. Þessi fræðsla verður hrein viðbót við þau námskeið og ráðstefnur sem fastanefndirnar standa reglulega fyrir. Formið á þessum morgunkornum verður blanda af fyrirlestrum og verkefnavinnu. Endurskoðunarnefnd, reikningsskilanefnd og skattanefnd munu sem fyrr standa fyrir faglegum ráðstefnum og námskeiðum auk þess að fylgjast með og taka þátt í þróun á þeim sviðum sem þær fjalla um og miðla upplýsingum til félagsmanna. Þá mun félagið bregðast við ef upp koma óskir eða þarfir um viðbótarnámskeið.

Til þess að fylgja enn frekar eftir óskum félagsmanna frá fámennum stofum, um endurmenntun, miðlun upplýsinga og hjálpargagna sem og frekari skoðun á Descartes hefur framkvæmdastjóri fengið til liðs við sig tvo vaska félagsmenn til að mynda vinnuhóp. Hlutverk hópsins er að koma með hugmyndir að námskeiðum og hrinda í framkvæmd málefnum sem koma þessum hópi til góða.

Eitt af því sem fjallað var um á stefnumótunarfundinum var hagsmunagæsla og miðlun upplýsinga út á við. Haft hefur verið samband við fjölmiðla og haldnir fundir með fulltrúum þeirra þar sem farið var yfir hvað felst í störfum endurskoðenda, hlutverk þeirra og ábyrgð. Einnig var starfsemi félagsins kynnt, þeim afhent ýmis upplýsandi gögn um endurskoðendur, og því lýst yfir að skrifstofa félagsins væri boðin og búin að veita upplýsingar og svör ef eftir því yrði leitað. Til skoðunar hefur verið sú hugmynd að koma á framfæri við fjölmiðla hnitmiðuðum greinum til birtingar, þar sem fjallað væri um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda og þá tekin fyrir afmörkuð efni. Í þessum efnum eru það félagsmenn sjálfir fyrst og fremst sem félagið treystir á og eru allir sem penna geta valdið hvattir til að skrifa greinar um málefni endurskoðenda.



Sigurður framkvæmdastjóri félagsins í vinnunni.



Stjórnin boðaði formenn nefnda á fund.

Þessu tengt hefur félagið hafið vinnu við að skoða og skilgreina vefsíðu félagsins með tilliti til þess að gera meiri greinarmun á ytri og innri vefsíðu, þannig að upplýsingar á ytri vefnum væru ætlaðar fjölmiðlum og almenningi en innri vefurinn væri svo sniðinn að upplýsingaþörf félagsmanna.

Afmælisárið 2010

Framundan er stórt ár hjá Félagi löggiltra endurskoðenda, því þá verður FLE 75 ára. Það er því ærið tilefni til að blása í lúðra og gera ýmislegt í tilefni þessara merku tímamóta. Síðastliðin tvö til þrjú ár hefur verið starfandi afmælisnefnd á vegum stjórnar FLE, sem hefur haft veg og vanda að undirbúningi fyrir afmælisárið.

Þar ber hæst sú metnaðarfulla vinna sem nú er í gangi að gefa út tvær bækur í tengslum við afmælið. Annars vegar félagatal yfir alla endurskoðendur frá upphafi og svo hins vegar útgáfa bókar með sögu félagsins. Félagið hefur gert verksamninga við tvo aðila sem vinna að þessum ritsmíðum og er fyrirhugað að félagatalið komi út næsta haust, en saga félagsins vorið 2011. Það er skoðun stjórnar félagsins að hér sé á ferðinni þarft verk, enda verið að skrá sögu félagsins með markvissum hætti. Ef ekki væri ráðist í þetta stórvirki núna eru líkur á því að þeir félagar sem þekkja upphafsárin best hverfi frá okkur með ósagða söguna.

En það er fleira sem stendur til tengt afmælinu. Afmælisdagurinn er 16. júlí og það á föstudegi og er þegar búið að taka frá Hótel Borg fyrir afmælisboðið sem verður með hefðbundnu sniði, afmæliskaffi og köku. Eftir verður til afar veglegar afmælisráðstefnu þann 24. september þar sem mörgum mætum gestum verður boðið. Að ráðstefnunni lokinni verður svo haldið afmælishóf með léttu sniði. Reikningsskiladagurinn sem vanalega er haldinn í september, verður felldur niður sem slíkur en ætlunin er að taka inn á Haustráðstefnuna efni tengt reikningsskilum.

Erlent samstarf

FLE hefur að vanda átt mikið og gott samstarf við systrafélög sín á Norðurlöndum. Eitt af verkefnum framkvæmdastjóra er að fylgja eftir erlendu samstarfi og hefur hann átt fundi með öllum framkvæmdastjórum Norðurlandanna, á ferðum sínum

vegna samstarfs innan NRF. Á þeim fundum hafa komið fram áhugaverðar upplýsingar um starfsemi og uppbyggingu systrafélaga FLE sem eru afar gagnlegar og koma til með að nýtast við eflingu á starfsemi félagsins okkar.

NRF samstarfið er mikilvægt fyrir FLE en þar eru haldnir mánaðarlegir símafundir og jafnframt hittast framkvæmdastjórar og formenn reglulega. Á síðastliðnu ári starfaði rýnihópur innan NRF sem gerði könnun á þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir þjónustu endurskoðenda í viðum skilningi. Í hverju landi voru tekin viðtöl við fulltrúa fjármálastofnana, til að kanna hvaða kröfur þeir gerðu um staðfestingar endurskoðenda á fjárhagslegar upplýsingar, og jafnframt voru sendar fyrirspurnir til valinna fyrirtækja til að kanna hvaða þjónustu þau hefðu þörf fyrir. Hér heima var þessi könnun unnin af skrifstofu félagsins í samstarfi við Endurskoðunarnefnd FLE.

Áfanganiðurstaða þessarar könnunar var nýlega kynnt á ársfundi NRF og jafnframt ákveðið að rýnihópurinn héldi áfram störfum og gerði könnun á þörfum um einföldun á regluverki fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Jafnframt er verið að skoða hvort IFRS fyrir SME, lítil og meðalstór fyrirtæki, sé ákveðin lausn varðandi reikningsskil eða hvort það eigi almennt að einfalda reikningsskil lítilla félaga enn frekar.

Samstarf FLE innan NRF gerir það að verkum að rödd félagsins heyrir bæði innan FEE og IFAC. Við megum líka vera stolt af því að okkur er treyst fyrir mikilvægum verkefnum í þessu samstarfi, sem sést meðal annars á því að Margret Flóvenz hefur nú verið kosin forseti NRF til næstu tveggja ára og ekki síður að Krístrún Ingólfssdóttir hefur verið endurkjörin sem fulltrúi NRF til næstu þriggja ára í menntunarnefnd IFAC. Mikil og hörð samkeppni er meðal aðildarféлага IFAC um að koma sínum fulltrúum að í hinar ýmsu nefndir innan sambandsins. Félagsmenn geta því verið stoltir af því að það skuli einmitt vera félagsmaður FLE sem nýtur svo mikils trausts.

Staða endurskoðenda

Það er ekki ofsögum sagt að síðastliðið ár hafi verið viðburðarríkt. Hið mikla efnahagshrun, sem orðið hefur um víða veröld, hafði viðtæk áhrif hér á landi, svo mikil að jafnvel mætti halda því fram að fjármálakreppan risti dýpra hér en víða annars staðar. Umfjöllun um endurskoðendur og störf þeirra



hefur eðlilega verið í kastljósinu og mun svo verða áfram næstu misserin og jafnvel ár. Það er því afar mikilvægt að halda á lofti þeim gildum sem endurskoðendur standa fyrir og að Félag löggiltra endurskoðenda standi vörð um þau.

Þrátt fyrir viðsjárverða tíma framundan, og umfjöllun fjölmiðla um störf endurskoðenda og á stundum óvægna gagnrýni, þá vil ég leyfa mér að horfa björtum augum fram á við. Við ætlum okkur að efla félagið okkar og umræðan

um störf endurskoðenda, hvort sem hún hefur verið jákvæð eða neikvæð sýnir okkur hversu mikilvægt hlutverk okkar er. Nýtum okkur þá umræðu með jákvæðum hætti og hefjum hlutverk okkar til vegs og virðingar.

Sigurður B. Arnþórsson

Skattadagur FLE

Skattadagur FLE, ráðstefna um skattamál var haldinn föstudaginn 16. janúar 2009 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin og tóku 224 þátt að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnustjóri var Árni Tómasson, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 4 einingar í skatta- og félagarétti. Formaður FLE, Margret G. Flóvenz setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Nýlegar breytingar á skattalögum, einnig verður fjallað um möguleika á nýtingu taps á móti fjármagnstekjum o.fl.**
Elín Árnadóttir, hdl. hjá PricewaterhouseCoopers hf.
- **Úrskurðir og dómar**
Steinþór Haraldsson, skattstjóri í Suðurlandsumdæmi

- **Skattlagning í skugga bankahruns**
Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri.
- **Skattaumhverfi atvinnurekstrar í núverandi aðstæðum og næstu misserum**
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.
- **Milliverðlagning (Transfer Pricing)**
Ágúst Karl Guðmundsson, lögfræðingur hjá KPMG hf.
- **Söluhagnaður – sölutap. Eru verðmæti að fara forgörðum?**
Vala Valtýsdóttir, hdl. hjá Deloitte hf.

Endurskoðunardagur FLE

Endurskoðunardagur FLE var haldinn föstudaginn 17. apríl, 2009 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin og þátttakendur voru 182 að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnustjóri var Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri FLE. Ráðstefnan gaf 4 einingar í endurskoðun. Formaður FLE, Margret G. Flóvenz setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Sviksemi**
Lilja Steinþórsdóttir, innri endurskoðandi hjá Nýja Kaupþingi
- **A new Danish audit standard for SME's ?**
Jens Skovby, CEO of RevisorGruppen Danmark

- **Virðisrýrnunarpróf, framkvæmd endurskoðunar**
Birkir Böðvarsson, hagfræðingur hjá Deloitte
- **Umboðsmaður viðskiptavina bankanna**
Brynhildur Georgsdóttir, umboðsmaður viðskiptavina hjá Kaupþingi.
- **Siðferði og óhæði**
Guðmundur Snorrason, endurskoðandi hjá PwC
- **Breytingar á lögum um ársreikninga**
Helga Harðardóttir, endurskoðandi hjá KPMG

Reikningsskiladagur FLE

Reikningsskiladagur FLE var haldinn föstudaginn 18. september 2009 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík undir yfirskriftinni: Fjármálakreppan á Íslandi – brást umgjörð reikningsskila? Ráðstefnan var opin og þátttakendur voru 232 að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnan gaf 4 einingar í reikningsskilahlutann. Ráðstefnustjóri var Hildur Árnadóttir endurskoðandi. Formaður FLE Margret G. Flóvenz setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Hlutverk fjölmiðla**
Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri KOM
- **Hlutverk hins opinbera**
Gunnar P. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins
- **Hlutverk endurskoðanda**
Ólafur Kristinsson, endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers
- **Siðferði í reikningsskilum**
Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands
- **Fjármálakreppan á Íslandi – ýmis reikningsskilamál**
Jóhann Ioan Constantin Solomon, endurskoðandi hjá KPMG hf.



Ráðstefnan var vel sótt enda efnið áhugavert.
Birt með leyfi Péturs G. Kristjánssonar ljósmyndara.

- **Áhrif fjármálakreppunnar á alþjóðlega reikningsskilastaðla**
Stig Enevoldsen, formaður ráðgjafarhóps framkvæmdastjórnar ESB um reikningsskil (EFRAG)

Haustráðstefnan 2009

Haustráðstefna FLE var að þessu sinni haldin á Akureyri dagana 13.-14. nóvember. Dagskráin var undirbúin af norðanmönnum Davíð Búa Halldórssyni, Arnari Árnasyni og Hólmgrími Bjarnasyni í samstarfi við Menntunarnefnd félagsins. Dagskráin tók mið af landsbyggðinni og stöðu atvinnulífsins til sjávar og sveita. Rúmlega eitt hundrað endurskoðendur skráðu sig til leiks og í það heila þótti ráðstefnan takast vel samkvæmt niðurstöðum könnunar þar sem rúmlega 70% þátttakenda mátu hvernig til hafði tekist. Hólmgímur Bjarnason stjórnaði ráðstefnunni með glæsibrag.



Pallborð á ráðstefnunni.



Þéttskipaður bekkurinn.



Margar konur mættu norður.



Kaffið skerpti athyglina.



Konráð, Helgi F. og Auðunn stinga saman nefjum.


Dagskrá ráðstefnunnar fyrri daginn var á þessa leið:

- **Setning og ávarpsorð**
Jóhann Unnsteinsson, varaformaður FLE
Dan Jens Brynjarsson, fjármálastjóri
Akureyrarbæjar
- **Staða og framtíð lífeyrissjóða eftir bankahrun**
Kári Arnór Kárasen, framkvæmdastjóri Stapa
lífeyrissjóðs
- **Atvinnuuppbygging á Norðurlandi**
Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri
Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar
Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurlþings
- **Endurreisn fjármálageirans**
Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur &
alþingismaður
Arne Vagn Olsen, forstöðumaður markaðs- og
sölusviðs Íslenskra verðbréfa hf.

Dagskráin seinni daginn:

- **Frá EFTA til ESB?**
Birgir Guðmundsson, stjórn málafræðingur og
lektor við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á
Akureyri
- **Fiskurinn í sjónum?**
Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ
Landssambands íslenskra útvegsmanna
- **Útflutningur á ögurstundu**
Hermann Ottósson, forstöðumaður
Útflutningsráðs
- **Hugleiðingar um gangvirðisreikningsskil**
Símon Á. Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi

Frá aðalfundi félagsins



Hefðbundin aðalfundarstörf.

Fundurinn var haldinn í Ketilshúsinu á Akureyri í beinu framhaldi af haustráðstefnu félagsins. Á fundinn mættu um 90 endurskoðendur. Fundurinn hófst á því að Kristrún H. Ingólfssdóttir fulltrúi NRF í menntunarnefnd IFAC, fór yfir kröfur alþjóðlegra staðla um faglega þróun endurskoðenda að lokinni löggildingu. Þá fjallaði hún um breytingu á lögum um endurmenntun endurskoðenda og túlkun á kröfum þeirra.

Að loknu erindi Kristrúnar hófust venjubundin aðalfundarstörf með því að Margret G. Flóvenz, formaður félagsins, setti fundinn. Auður Ósk Þórisdóttir, endurskoðandi hjá KPMG var kosin fundarstjóri og Sveinbjörn Sveinbjörnsson ritaði fundargerð. Fyrstur kom í ræðustól Sigurður B. Arnþórsson, sem flutti skýrslu framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins en útdrátt úr skýrslunni má sjá hér að framan. Síðan flutti Margret G. Flóvenz skýrslu stjórnar sem nálgast má á innri vef FLE. Þá var ársreikningur félagsins lagður fram og samþykktur. Að því loknu var farið yfir skýrslur fastanefnda sem allar eru birtar í ársreikningi félagsins. Tvær tillögur um breytingar á samþykktum félagsins voru bornar upp. Þær voru minni háttar orðalagsbreytingar og voru samþykktar.

Þá var gengið til kosninga og var Þórir Ólafsson kosinn formaður og Sigurður Páll Hauksson varaformaður. Anna Þórðardóttir var kosin meðstjórnandi til tveggja ára og Jóhann Unnsteinsson til eins árs. Uppstillingarnefnd hafði lagt fram tillögur um nýtt fólk í nefndir og var það samþykkt mótakvæðalaust.

Árstillag félaga kr. 90.000 var borið upp og samþykkt án umræðu. Aðalfundi lauk svo með því að undir liðnum önnur mál voru nýjar siðareglur endurskoðenda bornar upp og samþykktar.



Þórir nýkjörinn formaður ræðir við Sigurð framkvæmdastjóra.



Margret G. Flóvenz fráfarandi formaður FLE.



Lífið ein tilviljun – viðtal

Ólafur Nilsson starfaði sem löggiltur endurskoðandi 1964 til 2004

„Ég tók ekki þátt í hruninu“ er það fyrsta sem Ólafur Nilsson segir þegar hann mætir galvaskur til viðtals og það er erfitt að lesa úr andliti hans hvort hann er að grínast eða ekki. Ólafur Nilsson hlaut löggildingu sem endurskoðandi 1964 og starfaði sem slíkur allt til ársloka 2004.

Bara átján ára stráklingur

Aðspurður, af hverju endurskoðun varð fyrir valinu sem starfsvettvangur þá hafði hann ekki velt þessu mikið fyrir sér þegar Jón Gíslason skólastjóri í Versló mælti með honum þegar Björn Steffensen og Ari Ó. Thorlacius sem ráku eina af stærstu endurskoðunarskrifstofum landsins, föluðust eftir nema í vinnu til sín. „Þeir voru miklir heiðursmenn og stofan þeirra var annar grunnurinn að Deloitte í dag“ segir Ólafur. „Ég var bara átján ára stráklingur þá, búsettur á Siglufirði og var í skóla í Reykjavík. Það var heilmikil ákvörðun að flytjast alfarið í bæinn þó svo að ekki væri úr svo miklu að spila fyrir norðan“ segir hann og bætir svo brosandí við „þá var heldur ekki nein von á námsláni.“ Foreldrarinn höfðu ekki miklar áhyggjur af starfsvali hans, voru bara ánægð með að hann skyldi halda áfram í námi og geta unnið með.

Þrjátíu og fimm krónur í mánaðarlaun

Ólafur átti félagi sem voru að læra til endurskoðunar og ræddi málið við þá. Það voru ekki launin sem heilluðu en hann fékk í fyrstu útborgun 35 kr. í mánaðarlaun (3.500 fyrir myntbreytingu). Hann hafði áhuga á reikningshaldi og taldi því að starfið gæti hentað honum nokkuð vel. Á stofunni voru nokkrir á svipuðum aldri og hann var samferða mönnum eins og Inga R. Jóhannssyni, Jóni H. Runólfssyni og Eyjólf Guðmundssyni til að nefna einhverja. Þá reyndist Gunnar Zoega honum traustur leiðbeinandi í upphafi. Hann fór svo fljótlega í námið í HÍ en þá gildi það sama og nú að þriggja ára reynslutími á endurskoðunarstofu var undanfari þess að fá löggildingu.

„Ég komst tiltölulega létt í gegnum námið fjárhagslega“ segir Ólafur. Námið fór fram á kvöldin eftir vinnu en kennt var á laugardögum. Í aðalatriðum voru kenndar sömu námsgreinar og eru samkvæmt reglugerðinni í dag eins og endurskoðun, reikningshald, skattskil, þjóðhagfræði, tölfraði og hluti í lögfræði. Þá var mikil áhersla lögð á verkefnaskil og ritgerðir. „Við fengum dóma á ritgerðir í tímum í heyranda hljóði sérstaklega frá einum kennaranum“ segir hann og það var mikið af raunhæfum verkefnum eins og í reikningshaldi og endurskoðun á einstökum þáttum.

Veikindapróf á leikskóla

Þarna voru ágætir kennarar eins og prófessorarnir Guðlaugur Þorvaldsson og Ármann Snævar lögfræðingur en hann hélt utan um námið. Ármann var mjög samviskusamur og eitt skipti þurfti Ólafur að fara í veikindapróf hjá honum og var Ármann að vandræðast með yfirsetu því hann var að kenna. Það endaði með því að hann fór með Ólaf á leikskólann Grænuþorg þar sem konan hans vann. Þar var hann settur inn í herbergi með prófið fyrir framan sig. Um miðjan dag kom Ármann svo í eftirlitsferð og leist þá ekki á blikuna því mikill hávaði var í börnunum svo að hann fór með hann heim í stofu til sín til þess að ljúka prófinu. Friðurinn þar varði ekki mjög lengi því fljótlega komu börnin hans heim úr skólanum. En prófinu náði hann þrátt fyrir þessar sérkennilegu aðstæður.

Flugið heillar

„Fyrstu verkefnin voru mest í endurskoðun en stofan hafði nokkuð mörg slík verkefni meðal annars fyrir bæði flugfélögin, Flugfélag Íslands og Loftleiðir“ segir hann og lyftist allur upp þegar flugið ber á góma. „Ég byrjaði í endurskoðun hjá Flugfélagi Íslands og man eftir mikilli vinnu við farmiðaeftirlit sem fólst m.a. í því að stemma af flogna og óflogna miða á uppgjörssdegi“ segir hann og hlær við. „Eftir þetta var ekki aftur snúið því ég var einhvern veginn alltaf bundinn fluginu. Við tókum við endurskoðun hjá Flugleiðum 20 árum seinna og síðan Arnarflugi líka. Ég fór svo að læra að fljúga og er með einkaflugmannsréttindi sem ég hef haldið við. Ég á eina flugvél að fullu og hlut í annarri“ segir hann og dettur út smástund – auðsjáanlega kominn eitthvert í háloftin. Þegar hann snýr til baka þá er hugurinn kominn norður á Siglufjörð.

Siglufjörður og fjölskyldan

„Það er enginn af mínum nánustu sem býr á Siglufirði í dag en ég á þar frændfólk“ segir hann. „Bæði flugfélögin flugu þangað á tímabili því bærinn stækkaði mikið á síldarárunum en íbúafjöldinn fór upp í 8000 manns þarna á sumrin. Það var algjört ævintýri að alast upp á þessum stað og upplifa síldarævintýrið. Loftleiðir komu undir sig fótunum með síldarleitarflugi og gerðu út þarna fyrir norðan“ bætir hann við svona eins og söguskýringu. „Ég flýg heilmikið, er með flugvél í sumarbústaðnum og flýg því mikið um Suðurlandið og stundum norður á Sigló“ segir hann glaðlega. Áhugamálin eru fleiri því hann var alinn upp við skíðin og þau hefur hann stundað frá unga aldri og stundar enn þegar færi gefst. „Þá

gutla ég aðeins í golfinu eins og fleiri endurskoðendur, þótt árangurinn láti á sér standa“ bætir hann við.

Ólafur kvæntist um tvítugt, skólasystur sinni frá 7 ára aldri að norðan, Guðrúnu Ólafsdóttur en þau voru líka samferða í Versló. Þau eiga þrjár dætur en engin þeirra hefur fetað í fótspor föður síns í starfsvali. Reyndar vinnur ein þeirra á endurskoðunarstofu um þessar mundir. „Þeim leist ekki á starfið því ég var svo lítið heima. Þá var unnið miklu meira og myrkranna á milli á álagstímum“ segir hann og hristir höfuðið. Konan varð því heimavinnandi fyrstu árin eftir að dæturnar fæddust.

Skemmtilegustu verkefnin

„Mér fannst gaman að vera í hasar og nýjum hlutum“ segir Ólafur og hlær við. „Meðal annars vinna við umbreytingar á fyrirtækjum, sameiningu og skiptingu eða hvers konar breytingar sem urðu til þess að bæta reksturinn og efla þau. Fyrsta sameiningin sem ég kom að var á árinu 1961 en þá var lítið um sameiningu fyrirtækja. Sú eftirminnilegasta er sennilega sameining Bæjarútgerðar Reykjavíkur og Ísbjarnarins hf sem varð Grandi hf.“ bætir hann við. Síðan þá var hann mikið við endurskoðun og hlutfallslega mikið í sérverkefnum eins og sameiningu fyrirtækja. Þá vann hann mikið í skattamálum og var meðal annars skattránsóknarstjóri í 8 ár.

Skattamál

„Það var dálítið sérstakt að koma í opinbera stofnun en góð reynsla í sjálfu sér“ segir hann og rifjar upp að hann hafi mikið unnið að skattamálum fyrir fjármálaráðuneytið, verið ráðgefandi og í nefndum vegna undirbúnings frumvarpa um skattamál og slíkt. „Skattránsóknarstjóraembættið var erilsamt m.a. vegna ágangs fjölmiðla sem stöðugt leituðu upplýsinga um gang mála, en skattamál og endurskoðunarmál voru mikið í deiglu á þessum tíma“ segir hann hálfafsakandi. Fljótlega eftir að hann hætti hjá skattinum varð hann formaður FLE eða á árunum 1977 – 1979. Svo í kringum 1980 urðu miklar breytingar á skattalöggjöfnni sem hann vann að. Verðbólga hafði verið mikil og þá voru verðbólguælingar tekin inn í reikningsskil og skattalög í fyrsta sinn auk annarra grundvallarbreytinga á lögum um tekjuskatt og eingarskatt. Svo kom staðgreiðslan og virðisaukaskatturinn nokkrum árum síðar. Ólafur var iðinn við uppræðslu á þessum tíma, hélt erindi á ráðstefnum bæði hjá endurskoðendum og ýmsum félagasamtökum.

Lífið ein tilviljun

Árið 1975 stofnaði hann Endurskoðun hf. sem síðar varð KPMG hf. ásamt Guðna Gústafssyni og Helga V. Jónssyni. „Við höfðum þekkt þrír, Guðni vann með mér hjá Birni og Ara en var kominn með eigin stofu en Helgi var borgarendurskoðandi og hafði ákveðið að hætta svo það varð úr að við ákváðum að stofna fyrirtæki saman“ útskýrir hann. Fyrirtækið þróaðist býsna hratt og örugglega en þeir félagar voru heppnir með kúnnahóp. Til þeirra var leitað með stórt verkefni á þess tíma mælikvarða þegar flugfélögin voru sameinuð í Flugleiðum sem varð viðskiptavinur þeirra. „Á þeim tíma máttu endurskoðendur



Ólafur Nilsson á fljúgandi ferð.

ekki auglýsa, eingöngu setja litla tilkynningu um opnun á endurskoðunarstofum í blöðin. Ég veit ekki af hverju það var, en þá máttu margar stéttir ekki auglýsa. Þá var það fyrst og fremst orðsporið sem skapaði verkefni og það traust sem menn áunnu sér virkaði best á þessum markaði. Menn báru mikla virðingu fyrir hver öðrum og voru ekki að sækja mikið á verkefni annarra á þessum tíma. Þá voru endurskoðunarstofurnar líka að stækka mikið og gátu því tekist á við stærri verkefni sem einyrkjar áttu erfiðara með að sinna“ segir hann að lokum.

Vel metin og virðuleg stétt

„Viðhorf samfélagsins til endurskoðenda á þessum upphafsárum var jákvætt. Þá voru nokkrar stórar stofur sem að stóðu vel metnir og virðulegir menn sem fólk hafði traust á. Þá var lagður grunnur að þessu trausti sem síðan hefur fylgt stéttinni“ segir hann hugsí. „Umræðan um endurskoðendur var á þessum tíma ekki í þeim mæli sem hún er í dag. Þá voru ársreikningar ekki lagðir fram opinberlega og stundum ekki heldur á aðalfundum félaganna heldur voru þeir aðeins lesnir upp. Ársreikningar þóttu helst til mikil trúnaðarmál á þeim tíma“ segir hann og brosir við. „Eftirlit var fyrst og fremst af hálfu skattsins og ekkert fjármálaeftirlit og heldur enginn fjármálamarkaður.“

Stéttin beitti sér því að reikningsskil væru gerð meira opinber en áður. „Við sóttum hugmyndir og fyrirmyndir erlendis frá og reyndum að breyta málum hér heima í þá átt sem gerðist á erlendum mörkuðum“ segir hann ákafur. Ólafur var lengi formaður reikningsskilanefndar FLE og á þeim tíma sem verðbólguæikningsskilin voru innleidd gaf félagið út heilmikla handbók sem ætluð var félagsmönnum til að ná meira samræmi í gerð reikningsskila hér á landi, en áður hafði verið.

Ekki nógu háværir

Talið berst að þeim gífurlegu breytingum sem hafa orðið á síðustu áratugum. Vinnubrögðin hafa gjörbreyst og tæknin bæði í reikningshaldi og endurskoðun hefur breyst. Reikningsskil voru almennt ekki birt opinberlega eins og áður segir, þau voru



óaðgengileg fyrir menn að skoða og ekki eins upplýsandi og í dag. Þá eru nú miklu ákveðnari og ítarlegri reglur á alþjóða vísu um gerð reikningsskila en áður var. „Þær hafa ekki allar verið til bóta“ segir Ólafur og bætir við „menn eru að sjá það núna að þær hafa ekki allar verið til góðs eins og t.d. reglur um mat á eignum og viðskiptavild sem byggist að nokkru á spádómum um framtíðina. Það voru ekki allir sannfærðir um þetta og það hefur komið í ljós að þeir höfðu rétt fyrir sér tel ég. Kannski voru raddir þessara manna ekki nógu háværar“ segir hann svo. „Viðskiptalífið hefur tekið miklum breytingum, orðið flóknara en áður var og það hefur stöðugt kallað á breytingar á reikningsskilareglum. Framboð á fjármálamarkaði af margvíslegri „framleiðslu“ fjármálafyrirtækja á flóknum samningum sem ekki voru til áður, hefur valdið mörgum

hugarangri. Samningsaðilar hafa ekki haft fullan skilning á þeim viðskiptalegum slaufum sem hnýttar hafa verið á síðustu árum, menn þekktu ekki að fullu innihald þeirra viðskipta sem þeir stóðu fyrir eða stóðu að, eins og síðar hefur komið í ljós“ segir hann að endingu.

Að endingu

„Ég held að endurskoðendur þurfi að leggja áherslu á að viðhalda þekkingu sinni bæði í faginu og í viðskiptalífinu“ segir hann á alvarlegum nótum og klykkir út með því að segja: Áunnið traust í þessu starfi er besta veganesti sem menn geta haft í farteskinu.“ Þar með er hann floginn á braut.



Fagþróun

Krístrún H. Ingólfssdóttir er fulltrúi NRF í menntunarnefnd IFAC og löggiltur endurskoðandi hjá KPMG hf.

Fagfélög víða um heim gera þær kröfur til félagsmanna sinna að þeir haldi áfram að þróa sig faglega eftir löggildingu eða viðurkenningu. Slíkar kröfur eru oft á tíðum settar sem skilyrði fyrir aðild ásamt því að lög sumra landa krefjast þess að ákveðnir hópar fagfólks stundi endurmenntun. Dæmi um fagfélög sem hvetja eða krefjast þess af félagsmönnum sínum að þeir þróa sig faglega á kerfisbundinn og skipulegan hátt eru fagfélög starfsmanna í byggingariðnaði, fagstéttir í heilbrigðisgeiranum, fagfélög lögmanna og fagfélög starfsmanna tryggingafélaga.

Hér á landi hafa lög um endurskoðendur og reglugerð um endurmenntun lagt þá skyldu á íslenska endurskoðendur að þeir sækji sér endurmenntun og hefur FLE haft eftirlit með að félagsmenn uppfylli þær kröfur. FLE hefur með aðild sinni að IFAC skuldbundið sig til þess að stuðla að því að félagsmenn uppfylli kröfur þeirra staðla sem IFAC hefur sett, þar á meðal menntunarstaðal um áframhaldandi faglega þróun endurskoðenda, IES 7 *Continuing Professional Development (CPD)*.

Nýlega tóku gildi hér á landi ný lög um endurmenntun endurskoðenda og liggur fyrir FLE að móta nýjar leiðbeiningar um endurmenntun eða faglega þróun félagsmanna. Á þessum tímamótum er tækifæri fyrir FLE að vera í fremstu röð fagfélaga sem skipuleggja og leggja línur fyrir faglega þróun félagsmanna sinna.

Þegar fagmaður hefur lokið löggildingu eða fengið réttindi frá opinberum aðilum eða fagfélögum til að titla sig sem

fagmann og bjóða þjónustu í ákveðinni grein er nauðsynlegt fyrir hann, til að vera samkeppnishæfur, að halda áfram að þróa sig faglega með því að dýpka þekkingu sína og færni, sérhæfa sig ásamt því að fylgjast með breytingum og þróun í faginu. Löggilding eða móttaka ákveðinna réttinda er því ekki endapunktur heldur upphaf að ferli sem kallast fagleg þróun eða fagþróun. Vinnuveitendur, notendur fagþjónustu, almenningur og hagsmunaaðilar gera þá kröfu til fagaðila að þeir fylgist með breytingum og viðhaldi með faglegum hætti þekkingu sinni og auki sérhæfingu sína.

Margt fagfólk heldur áfram faglegri þróun án þess að gera sér sérstaklega grein fyrir því og án þess að skipuleggja hana, með því að greinar eru lesnar þegar það á við, námskeið sótt þegar tími gefst til o.s.frv.

Öflug og árangursrík fagleg þróun er ákveðin hringrás þar sem þörf fyrir fagþróun er metin, skipulögð fram í tímann, ástunduð, skráð og árangur metinn eða mældur.

Skipulagning fagþróunar

Góð endurmenntun eða fagþróun krefst skipulagningar. Dæmi um skipulagningu á faglegri þróun er þegar vinnuveitendur láta starfsmenn sína setja sér markmið sem meðal annars lúta að því að þeir bæti sig faglega. Frammistaða starfsmanna er síðan metin á grundvelli þess hversu vel þeir hafi náð markmiðum sínum. Dæmið snýst því um formlegt og skipulagt endurmenntunarkerfi. Í þessu kerfi er gerð krafa um að

endurmenntun sé í samræmi við þörf, stöðu, hæfni, ábyrgð og eðlilega faglega þróun hvers og eins starfsmanns sem leiðir til þess að starfsmenn sækja námskeið og lesi bækur sem nýtast þeim í starfi og miðast við faglega getu þeirra.

Áætlun um fagþróun þarf að vera viðeigandi. Viðeigandi fagleg þróun er mismunandi eftir endurskoðendum, hlutverki þeirra, ábyrgð og sérhæfingu. Endurskoðandi sem sérhæfir sig í ráðgjöf á sviði skattamála sækir önnur námskeið eða les aðrar bækur og greinar en endurskoðandi sem er fjármálastjóri félags og ber ábyrgð á gerð reikningsskila þess. Á sama hátt væri áætlun um faglega þróun endurskoðanda sem nýlega hefur lokið löggildingu og er verkstjóri í endurskoðun hjá endurskoðunarfyrirtæki önnur en hjá endurskoðanda sem ártar ársreikning skráðs félags á markaði.

Við skipulagningu á fagþróun þarf hver og einn að gera sér grein fyrir núverandi faglegri getu, færni og hæfileikum og greina þörf fyrir aukna færni og þekkingu í framtíðinni. Í framhaldi af því þarf að velja viðeigandi endurmenntun til að ná þeim markmiðum sem hann/hún setur sér.

Á Íslandi verður áætlun og fagleg þróun hvers og eins endurskoðanda að vera í samræmi við kröfur laga um lágmarks fagþróun á ákveðnum sviðum, það er endurskoðun, reikningsskilum og fjármálum, skatta- og félagarétti og siðareglum og faglegum gildum. Þrátt fyrir kröfur um að endurskoðendur sækja lágmarks endurmenntun á ákveðnum sviðum þá er hægt að stýra fagþróuninni þannig að endurmenntun á hverju sviði sé viðeigandi fyrir það starf, ábyrgð og hlutverk sem endurskoðandinn gegnir.

Skattasérfræðingurinn færir t.d. ekki að sækja námskeið um skattaleg málefni sem hann hefur þegar sérhæft sig í. Fjármálastjórinn mundi aftur á móti kjósa að sækja það svo hann hefði næga þekkingu á skattamálum til að geta stundað starf sitt sem fjármálastjóri. Verkstjórinn í endurskoðun færir ekki á grunnnámskeið í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem hins vegar gæti verið viðeigandi fyrir skattasérfræðinginn að sækja, til að vera hæfari í sínu starfi.

Til að skipulag faglegrar þróunar verði sem best er mikilvægt að félagsmenn og vinnuveitendur hafi góðar fyrirmyndir að því hvernig skipuleggja eigi faglega þróun. Mörg fagfélög víða um heim hafa sett upp slíkar fyrirmyndir fyrir félagsmenn sína, útbúið form fyrir áætlunargerðina og leiðbeiningar, ásamt dæmum um faglega þróun eftir ábyrgð og hlutverkum félagsmanna. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðum margra fagfélaga og má vænta þess að FLE bjóði félagsmönnum sínum uppá sambærilegar fyrirmyndir.

Góð áætlun um fagþróun þarf að vera unnin tímanlega og af nákvæmni. Hún þarf að vera skiljanleg, raunhæf, viðeigandi, mælanleg og bjóða uppá að hún sé uppfærð og aðlöguð.

Leiðbeiningar eða reglur um faglega þróun félagsmanna við sérstakar aðstæður eins og í veikindum, þegar félagsmenn eru í fæðingarorlofi, í hlutastarfi eða komnir á eftirlaun eru til staðar hjá mörgum fagfélögum.

Endurmenntun verður alltaf sambland af fyrirfram gerðri áætlun og endurmenntun sem upp kemur jafnóðum í starfi hvers og eins.

Skráning fagþróunar

Flest fagþróunarkerfi eiga það sameiginlegt að gerð er krafa um skipulega skráningu. Skráning á endurmenntun getur verið skráning atvinnuveitanda á sóttum námskeiðum, kerfi vinnuveitanda sem heldur utan um markmið starfsmanna og frammistöðumat, kerfi fagfélaga sem heldur utan um endurmenntun hvers og eins félagsmanns ásamt markmiðum og mati eða skrá sem fagmenn sjálfir halda. FLE ber samkvæmt lögum að halda skrá yfir endurmenntun endurskoðanda ásamt því sem endurskoðendum ber að halda skrá um endurmenntun sína.

Dæmi um innihald skráningar á endurmenntun hjá fagfélögum er lýsing á endurmenntuninni sem getur verið; námskeið, grein sem var lesin, verkefni sem var unnið, ritgerð eða grein sem var skrifuð o.s.frv. Í lýsinguinni kæmi fram útskýring á faglega efninu, hvernig það nýttist í faglegri þróun, hvers vegna það var viðeigandi, hvaða þekkingar eða færni var aflað og vísun í þann sem getur staðfest að; endurmenntunin var stunduð, námskeið hafi verið sótt, grein hafi verið skrifuð, verkefni hafi verið unnið eða vísun í umsagnaraðila um staðfestingu á faglegri getu eða frammistöðu viðkomandi. Dæmi um skráningu á endurmenntun má finna á www.accaglobal.com/members/cpd/evidence/examples.

Mæling fagþróunar

Lykillinn að árangursríkri fagþróun er að hún sé mæld og árangur metinn. Mæling á fagþróun víða um heim er að færast frá „input based“ mæliaðferð í „output based“ mæliaðferð, þar sem „input based“ aðferðin mælir sóttu endurmenntun, t.d. klst. á námskeiði, fjöldi bóka eða greina sem voru lesnar. „Output based“ aðferðin mælir árangur af sótttri endurmenntun eins og viðbót við faglega getu og færni. Dæmi um það er umsögn vinnuveitanda, frammistöðumat, umsögn viðskiptavina eða niðurstaða úr prófi. Dæmi um skráningu og mat á endurmenntun skv. „output based“ mæliaðferð má finna á www.charteredaccountants.ie/CPD/Requirements/Recording-Your-CPD/.

Fagfélög geta beitt „output based“ aðferð við mat á árangri í fagþróun með því að yfirfara þróunarferli viðkomandi, taka út verkefni sem viðkomandi vann og leggja fyrir munnlegt próf til að kanna fagþekkingu. Úttekt á verkefni gæti verið svipað og þegar doktorsritgerð er varin þar sem verkefni er lagt fram og sérfræðingar bæta við spurningum. „Output based“ er mun umfangsmeiri og flóknari í framkvæmd en „input based“ aðferðin en „output based“ aðferðin er betur til þess fallin að mæla raunverulegan árangur.

Lög á Íslandi gera kröfur um að endurmenntun endurskoðanda skuli að lágmarki svara til 20 klst. á ári og samtals 120 klst. á hverju þriggja ára tímabili. Þrátt fyrir þetta ákvæði þá er ekkert sem segir að mæling á endurmenntun gæti ekki verið á öðru formi sem síðan væri varpað yfir á klukkustunda mælieiningu. Annað form mælinga gæti verið efni fræðigreinar sem var skrifuð, frammistaða í verkefni sem var unnið, efni bókar sem var lesin o.s.frv.

Jafnframt kemur fram í sömu lögum að a.m.k. 60 klst.



skuli vera staðfestanlegar. Staðfestanleg endurmenntun er endurmenntun sem er skráð með formlegum hætti hjá öðrum aðila. Námskeið sem haldin eru á vinnustað og nýttast til faglegrar þróunar falla undir formlega og staðfestanlega endurmenntun, ef haldin er skrá yfir þá sem sækja þau. Námskeið eða ráðstefna á vegum FLE eru dæmi um staðfestanlega endurmenntun. Ritun fræðigreinar er annað dæmi um staðfestanlega endurmenntun.

Lesnar greinar eða fræðibækur eða verkefni, þar sem reyndi á nýja þekkingu, unnið með öðrum þar sem þekkingu er deilt, er dæmi um endurmenntun sem erfitt er að staðfesta, en mætti staðfesta með úttekt á verkefninu og viðtölum við viðkomandi aðila, ásamt öðrum í teyminu. Þannig væri hægt að staðfesta eða beita „output based“ aðferð við mælingu á faglegri þróun.

Fagfélag getur tekið út fagþróun félagsmanns með því að; fara yfir endurmenntunaráætlun, skráningu á endurmenntun, taka viðtöl við viðkomandi ásamt samstarfsaðilum og vinnuveitanda. Eftir úttektina getur fagfélag bent á mögulegar

úrbætur og betri leiðir í endurmenntuninni til að hún stuðli sem best að faglegri þróun.

IAESB, menntunarráð IFAC, lét vinna rannsókn á þeim fagþróunarkerfum sem notuð eru af hinum ýmsum fagfélögum víða um heim. Niðurstöður þessara rannsókna er að finna á heima síðu IFAC, www.ifac.org, undir heitinu Approaches to Continuing Professional Development (CPD) measurement. Þar má finna dæmi um mismunandi endurmenntunarkerfi og leiðbeiningar um uppsetningu á endurmenntunarkerfi.

Heimildaskrá:

www.accaglobal.com/members/cpd/

www.cpdevents.org.uk/cpd/managing_your_cpd

www.charteredaccountants.ie/CPD/Requirements

Approaches to Continuing Professional Development (CPD) measurement, www.ifac.org

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008

Kristrún H. Ingólfssdóttir

Stjórn og fastanefndir FLE 2009-2010

Félagsstjórn: Þórir Ólafsson formaður, Sigurður Páll Hauksson varaformaður, Jóhann Unnsteinsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Anna Þórðardóttir.

Álitsnefnd: Þórir Ólafsson formaður, Margret G. Flóvenz, Lárus Finnbogason, Guðmundur Óskarsson, Sigurður Páll Hauksson og Anna Kristín Traustadóttir varamaður.

Endurskoðunarnefnd: Barði Ingvaldsson formaður, Helga Harðardóttir, Sigríður Helga Sveinsdóttir og Davíð Arnar Einarsson.

Gæðanefnd: Hólmgírmur Bjarnason formaður, Sigrún Guðmundsdóttir, Guðný Helga Guðmundsdóttir og Valgerður Kristjánsdóttir.

Siðanefnd: Guðmundur Snorrason formaður, Guðmundur Kjartansson, Sigurður M. Jónsson og Hlynur Sigurðsson.

Menntunarnefnd: Árni Claessen formaður, Pálína Árnadóttir, Ómar Kristjánsson og Ljósbrá Baldursdóttir.

Kynningarnefnd: Sighvatur Halldórsson formaður, Auðunn Guðjónsson, Helga Erla Albertsdóttir og Guðrún Torfhildur Gísladóttir.

Reikningsskilanefnd: Kjartan Arnfinnsson formaður, Arna Guðrún Tryggvadóttir, Jóhann Ioan Constantin Solomon og Þorsteinn Pétur Guðjónsson.

Skattanefnd: Lúðvík Þráinsson formaður, Steingrímur Sigfússon, Ásbjörn Björnsson og Elías Illugason.



Þórir Ólafsson,
formaður.



Sigurður Páll
Hauksson,
varaformaður.



Jóhann Unnsteinsson,
meðstjórnandi.



Sveinbjörn
Sveinbjörnsson, ritari.



Anna Þórðardóttir,
gjaldkeri.



Félagatilið – ætlaðu ekki að vera með?

Gunnlaugur Haraldsson, þjóðháttafræðingur

Síðustu misserin hefur Afmælisnefnd FLE, ásamt mér undirrituðum, unnið að undirbúningi félagatals, sem gefið verður út á vandaðri bók í tilefni afmælishaldsins á næsta ári.

Ritið mun innihalda æviágrip allra löggiltra endurskoðenda á árabílinu 1929-2010. Frágangur æviágripa verður með hefðbundnu sniði stéttartals, þar sem getið er um uppruna, menntun, störf og fjölskylduhagi hvers og eins, ásamt ljósmynd. Til að auðvelda efnisöflun voru fyrir allöngu síðan send út sérstök spurningaeyðublöð til félagsmanna, ýmist með tölvupósti eða bréfleiðis.

Framan af voru heimtur góðar, en strjáluðust mjög þegar

frá leið, þrátt fyrir nokkrar ítrekanir. Ennþá er því býsna drjúgur hópur, sem ekki hefur haft tæk á að gegna kalli. Það er bagalegt og kemur illa við undirbúning verksins, því senn líður að útsendingu prófarka og prentvinnslu ritsins.

Þess vegna beini ég þeim tilmælum til allra þeirra, sem enn eiga þessu erindi ósvarað, að bregðast nú skjótt við og senda mér umbeðin gögn, annaðhvort á netfang mitt gullih@simnet.is eða í pósti. Nánari upplýsingar þar um og sjálft eyðublaðið má nálgast á heimasíðu félagsins.

Gunnlaugur Haraldsson



Söguritun FLE

Kristján Sveinsson, sagnfræðingur segir frá ritun á sögu félagsins

Saga FLE frá stofnun félagsins til samtímans er í smíðum. Ætlunin er að rekja allítarlega tildrögin að stofnun félagsins árið 1935 og gera grein fyrir helstu verkefnum þess og áhrifum á þeim tíma sem það hefur starfað.

Söguritari er Kristján Sveinsson sagnfræðingur en ritnefnd skipa endurskoðendurnir Hrefna Gunnarsdóttir, Ólafur V. Sigurbergsson, Símon Á. Gunnarsson og Þorsteinn Haraldsson. Auk þess að segja sögu félagsins og helstu verkefna sem unnin hafa verið á vettvangi þess verður hugað að því umhverfi sem félagið hefur starfað í hverju sinni og gefinn gaumur að því hvernig einstaklingar, einstakir atburðir og almenn samfélags- og efnahagsþróun hafa mótað störf og starfsvettvang löggiltra endurskoðenda.

Enda þótt mannkyn hafi sýslað með fémuni árpúsundum saman og sagan geymi vitneskju um ýmsar stéttir manna sem gegndu trúnaðarstörfum í fésýslu fyrr á tímum er skammt síðan starfsstétt löggiltra endurskoðenda kom fram. Starfsemi hinna sérhæfðu, óháðu og sjálfstætt starfandi endurskoðenda er afsprengi þróunar í kapitalískum viðskiptaháttum, ekki síst hlutabréfaviðskiptum. Hennar gætir fyrst að marki á 19. öld í þeim löndum þar sem iðnþróun og markaðsskipulag hafði skotið dýpstum rótum.

Lög um löggilta endurskoðendur voru sett í Danmörku árið 1909, eftir fall Albertis dómsmálaráðherra, sem var fjárfsvikari eins og kunnugt er, og hafði lengi getað hindrað framgang

lagasetningar um endurskoðun þar í landi enda lítið um slíka starfsemi gefið. Vitað er að hin stærri fyrirtæki hér á landi leituðu í einhverjum mæli til danskra endurskoðenda eftir að starfsemi löggiltra endurskoðenda hófst í Danmörku og árið 1924 opnaði dönsk endurskoðunarskrifstofa útibú í Reykjavík. Forstöðumaður hennar, Niels Manscher, starfaði hérlendis um langt árabíl og varð einn af frumherjunum í endurskoðun á Íslandi.

Fyrstu tilraunir til lagasetningar um löggilta endurskoðendur og starfsvettvang þeirra voru gerðar hérlendis árið 1913 og nokkrum sinnum eftir það uns lög um löggilta endurskoðendur voru samþykkt á Alþingi árið 1926. Reglugerð samkvæmt þessum lögum var sett árið 1929 og upp úr því hófst undirbúningur að löggildingu fyrstu íslensku endurskoðendanna. Þannig þokaðist íslenskt viðskiptalíf smám saman til svipaðra hátta og tíðkaðir voru meðal nágrannaþjóða.

Ætlunin er að ritið um sögu FLE verði tilbúið til útgáfu snemma á árinu 2011. Heimildakönnun stendur yfir og hefur sóst vel. M.a. er allmikið gagnasafn varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands þar sem finna má merkar upplýsingar um aðdraganda lagasetningar um endurskoðun, undirbúning löggildingarprófa og framkvæmd þeirra á löngu tímabili.

Kristján Sveinsson



Fær sjaldan kvef – viðtal

Halldór Hróarr Sigurðsson er löggiltur endurskoðandi hjá KPMG hf.

Hann hallar sér afturábak í stólnum og segist vera í smáhléi frá sjósundinu nú sem stendur. Svo upplýsir hann að sjósund, sem nýtur í dag vaxandi vinsælda hér á landi, felist almennt í að synda stuttar vegalengdir og einnig að fara í sjóinn þótt sund sé ekki aðalatriðið, en það má ef til vill frekar kalla það sjóböð. „Svo er líka stundað langsund í sjó sem er allt annar handleggur“ segir hann og fer ekki meira út í þá sálma.

„Það var kunningi minn, sem á þeim tíma bjó á Seltjarnarnesi, sem í upphafi bauð mér að koma með sér í sjóinn. Hann hafði stundað sjósund um árabíl og átti til dagbók um sínar sjóferðir sem innihélt margskonar upplýsingar um hverja einstaka ferð svo sem stað og stund, hitastig lofts og sjávar og aðrar gagnlegar upplýsingar. Ég man að í fyrstu ferðinni, sem var síðsumars, var lofthiti og hiti sjávar hinn sami eða 12 gráður, er við lögðum í sjóinn skammt frá golfvellinum á Seltjarnarnesi.

Góð aðstaða á Seltjarnarnesi

Á þessum tíma var engin aðstaða þarna, en frá bílastæðinu er stutt yfir sjávarkambinn þar sem hægt var að geyma fötin í stórgrytinu. Stuttu síðar var búið að setja upp opið skýli fyrir sundfólk skammt frá hinni fallegu gönguleið sem þarna er. Við erum bæjarfélaginu ævinlega þakklátir fyrir þetta framtak – sem hlýtur að vera með ódýrustu íþróttamannvirkjum á landinu – og stuðlar að enn fjölbreyttara útlífi í þessu yndislega umhverfi. Eftir sunnið fórum við svo gjarnan í heitu pottana og sundlaugina á Nesinu, sem hefur þá sérstöðu að nota volgan sjó“ segir hann og glottir svolítið yfir öllum þessum sjó.

Hann segist hafa stundað sund lengi, keppt lítils háttar í skóla þegar hann var unglingur og hefur alltaf sótt laugarnar töluvert. Í gegnum tíðina oft tekið böð í köldu vatni með göngufélögunum á bakpokaferðum víðs vegar um landið. Í sjóböðunum við strendur Íslands er það ekki síst hreina náttúran sem heillar, fuglarnir vita að þeim stafar ekki hætta af þessum óboðnu gestum og synda rólegir sína leið eða sveima yfir. Það er mikið útlíf á Nesinu og Seltjörnin er afar hentug fyrir þetta sport. Áður fyrr mun hafa verið klettagarður sem afmarkaði Seltjörnina en nú er hafið búið að brjóta garðinn að nokkru niður svo það getur orðið töluverður öldugangur þarna, en ströndin er hrein og þarna eru engin ræsi eða slíkt. „Óviðjafnanlegt er að vera þarna seinni part sumars á sólríkum degi og man ég eftir nokkrum slíkum þegar hitastig sjávar gat

nálgast 17° og við syntum þá oft út að Gróttuvitanum“ segir hann greinilega ánægður með þetta allt. Hitastig sjávar er lágt yfir vetrartímann, en með hækkandi sól er hiti í áttina að 12 gráðum alveg ágætur.

Það er hægt að iðka sjósund hvar sem er á landinu. Halldór hefur farið víðar í sjóinn en við Seltjarnarnes eftir því sem tækifæri hafa gefist og nefnir Snæfellsnes, Skagafjörð og suðurströndina.

Kuldinn bítur

„Af eigin reynslu fullyrði ég að sjósundið er gott fyrir ónæmiskerfið, en þjálfunin felst í því að aðlagast kuldanum eins hratt og hægt er“ segir hann og lýsir svo betur hvað í þessu felst. „Fyrst er að koma sér út í sjóinn og er það oft töluvert sjokk fyrir líkamann, en þetta er bara hluti af pakkanum. Best er þá að hreyfa sig sem minnst og stundum er þetta aðeins það í sjónum í nokkrar mínútur. Meiri hreyfing þýðir meiri kælingu og þá eins og alltaf þurfa menn að vita sín takmörk. Tíminn í sjónum er því mislangur eftir því hvað hver einstakur þolir. Því getur verið hættulegt að fara einn í sjóinn bæði vegna ofkælingar og einnig sjávarstrauma og alls ekki hægt að mæla með því, auk þess sem góður félagskapur er stór hluti af sjósundinu eins og í annarri frístundaiðkun.“

„Jú, ég býð stundum vinum mínum og félögum með, nokkrir hafa þekkt boðið og engin vinslit orðið ennþá. Þetta getur verið dálítið tvíeggjað því fólk þarf að þekkja sín takmörk. Oft er talið að ekki sé verra að vera í góðum holdum til að taka á móti sjávarkuldanum“ segir Halldór og kímur við en „reyndar er talið að þetta hafi líka eitthvað með æðakerfið að gera þ.e. hversu djúpt æðarnar liggja í líkamanum. Svo er upplifun kulda oft bara spurning um hugarfar. Aðalatriðið er að hver og einn stundi þessar sjóferðir með ábyrgum hætti bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum“ segir hann að lokum.

Nýir félagar árið 2010

Í árslok 2009 luku 17 einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. Afhending löggildingarskírteina fór fram í Þjóðmenningarhúsinu 15. janúar 2010. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Arnar Kristinn Þorkelsson
Ernst & Young hf



Ágúst Kristinsson
Deloitte hf



Ágústa Katrín Guðmundsdóttir
KPMG hf



Áslaug Rós Guðmundsdóttir
PwC hf



Baldvin Freysteinnsson
KPMG hf



Bryndis Simonardóttir
KPMG hf



Elfa Björg Aradóttir
KPMG hf



Friðrik Einarsson
KPMG hf



Gunnar Þorvarðarson
Deloitte hf



Hjalte Ragnar Eiríksson
Deloitte hf



Hólmfríður Inga Eypórsdóttir
Ernst & Young hf



Hörður Sigurjón Bjarnason
Deloitte hf




Jón Freyr Magnússon
Deloitte hf



Kristinn Kristjánsson
PwC hf



Niels Guðmundsson
PwC hf



Ritawati Effendy
Deloitte hf



Silja Guðrún Sigvaldadóttir
PwC hf

Löggildingarpróf

Árni Tómasson, formaður prófnefndar

Nú liggja niðurstöður úr löggildingarprófum fyrir. Alls skráðu sig 49 einstaklingar í prófin, 25 karlar og 24 konur. Í nýja prófið skráðu sig alls 24, en samtals 25 í einstök próf samkvæmt gamla fyrirkomulaginu. Alls var gerð tillaga um að 17 endurskoðendur hljóti löggildingu, 10 karlar og 7 konur. Útkoman er sem hér greinir eftir einstökum prófum:

Nýja próffyrirkomulagið:

23 mættu í prófið sem tekið var 20. og 22. október,
9 náðu lágmarkseinkunn eða 39%.

Próf samkvæmt gamla fyrirkomulaginu:

Endurskoðun: 3 mættu í próf,
1 náði lágmarkseinkunn eða 33%.

Reikningsskilafræði: 18 mættu í próf,
9 náðu lágmarkseinkunn eða 50%

Gerð reikningsskila: 18 mættu í próf,
9 náðu lágmarkseinkunn eða 50%.

Skattskil: 7 mættu í próf,
3 náðu lágmarkseinkunn eða 43%.



FLE bauð nýjum félögum í heimsókn.



Nýjar siðareglur fyrir endurskoðendur

Guðmundur Snorrason er formaður siðanefndar FLE og löggiltur endurskoðandi hjá PwC hf.

Á aðalfundi Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) þann 14. nóvember síðastliðinn voru samþykktar nýjar siðareglur sem gilda munu fyrir alla endurskoðendur á Íslandi.

Þessar reglur byggja á siðareglum alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) „Code of Ethics for Professional Accountants“ frá júní 2005 ásamt breytingum á óhæðiskafla reglnanna sem siðanefnd IFAC samþykkti í janúar 2008.

FLE er aðili að IFAC en tilgangur samtakanna samkvæmt stofnskrá er „þróun og efling endurskoðendastarfsins á heimsvísu með samræmdum stöðlum til að geta veitt sem besta þjónustu í almannabágu.“ Í þessu skyni er starfandi sérstök siðanefnd IFAC til að þróa og gefa út í sínu nafni siðareglur fyrir endurskoðendur um allan heim. Sem aðildarfélag að IFAC ber FLE að stuðla að upptöku siðareglna þeirra sem samtökin gefa út og ekki setja sér vægari viðmið en þar er lýst.

Siðanefnd er ein af fastanefndum FLE og hefur það hlutverk að fylgjast með þróun siðareglna endurskoðenda á alþjóðavettvangi og gera tillögur að breytingum á siðareglum félagsins þegar tilefni er til. Það varð því hlutverk nefndarinnar að þýða siðareglur IFAC.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur sem tóku gildi 1. janúar 2009 skulu allir endurskoðendur á Íslandi fylgja siðareglum sem settar hafa verið af Félagi löggiltra endurskoðenda. Með samþykkt aðalfundar FLE á siðareglunum og að fenginni staðfestingu ráðherra á þeim, öðlast þær formlega gildi.

Þessar nýju reglur ákvarða siðferðilegar kröfur til endurskoðenda. Aðalsmerki endurskoðenda er að starfa með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi og felst ábyrgð þeirra því ekki eingöngu í því að uppfylla þarfir einstaks viðskiptavinar eða vinnuveitanda. Við störf sín skal endurskoðandi virða þessar siðareglur.

Siðareglurnar skiptast í þrjá hluta:

- **A hluti - Almenn notkun reglnanna (tekur til allra endurskoðenda)**
- **B hluti - Endurskoðendur sem starfa við endurskoðun**
- **C hluti - Endurskoðendur sem starfa við annað en endurskoðun**

Í A-hluta er lýst grundvallaratriðum siðareglna endurskoðenda og úrlausnaraðferðum við beitingu þeirra. Úrlausnaraðferðirnar eru leiðbeiningar um beitingu grundvallarreglnanna. Endurskoðendum er skylt að beita þessum úrlausnaraðferðum

til að greina og meta vægi ógnana sem geta leitt til þess að þeir nái ekki að fylgja grundvallarreglunum. Ef slíkar ógnanir eru aðrar en greinilega óverulegar þá skulu þeir beita varúðarráðstöfunum til að eyða þeim eða draga úr þeim svo þær verði ásættanlegar þannig að eftir grundvallarreglunum sé farið.

Í B- og C- hluta reglnanna er lýst hvernig beita á úrlausnaraðferðum við tiltekna aðstæður. Þar eru gefin dæmi um viðeigandi varúðarráðstafanir til að bregðast við ógnunum við fylgni við grundvallarreglurnar. Lýst er aðstæðum þar sem varúðarráðstafanir eru ekki tiltækar til að bregðast við ógnunum sem af þeim leiðir og hvernig komast má hjá verkefni eða sambandi sem skapar viðkomandi ógnanir. B-hlutinn á við endurskoðendur sem starfa við endurskoðun. C-hlutinn gildir um endurskoðendur sem starfa við annað en endurskoðun. Við tiltekna aðstæður getur verið viðeigandi fyrir endurskoðendur að nýta sér leiðbeiningar í C-hluta reglnanna.

A hluti: Almenn notkun reglnanna

Í þessum hluta eru settar fram grundvallarreglur sem allir endurskoðendur skulu hlíta.

Heilindi – Endurskoðandi skal vera hreinskiptinn og heiðarlegur í öllum samskiptum.

Hlutlægni – Endurskoðandi skal ekki láta hlutdrægni, hagsmunaárekstra eða óviðeigandi áhrif annarra ráða dómgreind sinni.

Fagleg hæfni og varkárni – Endurskoðanda er ætíð skylt að viðhalda faglegri þekkingu sinni og hæfni til að tryggja að viðskiptavinur eða vinnuveitandi fái fullnægjandi faglega þjónustu. Endurskoðandi skal starfa af kostgæfni og í samræmi við viðurkennda staðla þegar hann veitir faglega þjónustu.

Trúnaður – Endurskoðandi skal gæta trúnaðar í faglegum og viðskiptalegum samskiptum og ekki veita þriðja aðila upplýsingar án sérstakrar heimildar nema það sé skylt samkvæmt lögum eða faglegum kröfum. Slíkar upplýsingar skulu hvorki notaðar í eigin þágu endurskoðandans né þriðja aðila.

Fagleg hegðun – Endurskoðandi skal fara að lögum og reglugerðum og forðast allt sem kastað gæti rýrd á orðspor endurskoðendastéttarinnar.

Ef uppi eru aðstæður sem ógna fylgni við grundvallarreglurnar skal endurskoðandi bregðast við með viðeigandi hætti.

Úrlausnaraðferðir

Í starfsumhverfi endurskoðenda geta skapast aðstæður sem ógna fylgni við grundvallarreglurnar. Ógerlegt er að skilgreina sérhverjar þær aðstæður sem skapa slíkar ógnanir og tilgreina viðeigandi varúðarráðstafanir. Þar að auki getur eðli verkefna verið mismunandi og fyrir vikið geta ógnanir verið margvíslegar og krafist ólíkra varúðarráðstafana. Siðareglurnar skapa ramma sem hjálpar endurskoðanda að **bera kennsl á, meta og bregðast við** ef fylgni við grundvallarreglurnar er ógnað. Endurskoðanda er skylt að meta allar ógnanir með hliðsjón af grundvallarreglunum þegar hann veit eða ætti með réttu að vita um aðstæður eða sambönd sem geta spillt fylgni við grundvallarreglurnar. Endurskoðandi skal hafa í huga eðli og umfang einstakra þátta við mat á vægi ógnunar. Ef endurskoðandi getur ekki beitt viðeigandi varúðarráðstöfunum skal hann hafna eða hætta viðkomandi þjónustu, eða beri nauðsyn til, slíta sambandi við viðskiptavin.

Í B og C hluta siðareglanna eru dæmi sem eiga að sýna hvernig á að beita úrlausnaraðferðunum. Dæmin eru ekki tæmandi listi yfir allar þær aðstæður sem endurskoðandi getur lent í og gætu ógnað fylgni hans við grundvallarreglurnar og skal ekki túlka þau þannig. Þar af leiðir að endurskoðanda nægir ekki að fara eingöngu eftir þessum dæmum, heldur skal beita úrlausnaraðferðunum við hverjar þær aðstæður sem endurskoðandi lendir í.

Ógnanir og varúðarráðstafanir

Margbreytilegar aðstæður geta ógnað fylgni við grundvallarreglurnar. Flokka má helstu ógnanir á eftirfarandi hátt:

- **Eigin hagsmunir** vegna fjárhagslegra eða annarra hagsmuna endurskoðanda eða einstaklinga í nánustu fjölskyldu hans eða nánustu skyldmenna.
- **Sjálfsmatsógnun** sem getur skapast þegar endurskoðandi þarf að leggja sjálfstætt mat á eigin niðurstöður.
- **Málsvarnarógnanir** sem geta skapast þegar endurskoðandi heldur fram afstöðu eða skoðun að því marki að ógnað gæti hlutlægni hans síðar.
- **Vinfengisógnanir** sem geta orðið þegar endurskoðandi hefur of mikla samúð með hagsmunum annarra vegna náinna tengsla.
- **Þvingunarógnanir** sem geta orðið þegar endurskoðandi er hindraður í að starfa af hlutlægni vegna hótana, raunverulegra eða ætlaðra.

Í B og C hluta reglnanna eru tiltekin dæmi um aðstæður sem geta skapað slíkar ógnanir fyrir endurskoðendur hvort sem þeir starfa við fagið eða ekki. Endurskoðendur sem starfa við endurskoðun geta einnig við tilteknar aðstæður nýtt sér leiðbeiningar í C-hlutanum. Varúðarráðstafanir sem geta eytt eða dregið úr slíkum ógnunum þannig að þær verði ásættanlegar, skiptast í tvo meginflokka:

- Varúðarráðshafnir sem **starfsstéttin sjálf setur sér**, eða lög og reglur ná til, svo sem kröfur um menntun, þjálfun, reynslu, notkun faglegra staðla, faglegt eða opinbert eftirlit og agareglur.
- Varúðarráðstafanir í **starfsumhverfinu**, hvort sem endurskoðendur starfa við fagið eða ekki. Fjallað er um slíkar varúðarráðstafanir í B- og C- hluta reglnanna.

Við úrlausn siðferðilegra álitamála skal endurskoðandi hafa í huga viðeigandi staðreyndir og þær grundvallarreglur sem tengjast viðkomandi álitaefni. Ef ekki hefur verið leyst úr siðferðilegu álitamáli þrátt fyrir að leitað hafi verið allra leiða til úrlausnar, skal endurskoðandi neita að tengjast viðkomandi máli sé þess nokkur kostur. Endurskoðandi kann að ákveða að við slíkar aðstæður sé rétt að draga sig út úr verkefnateymi eða tilteknu verkefni eða að hætta að vinna fyrir viðskiptavin, endurskoðunarfyrirtækið eða vinnuveitandann.

B hluti – Endurskoðendur sem starfa við endurskoðun

Í þessum kafla siðareglanna er útskýrt hvernig starfandi endurskoðendur eiga að nota úrlausnaraðferðir í A-hlutanum. Dæmunum sem sett eru þar fram er ekki ætlað að vera tæmandi listi yfir allar þær aðstæður sem endurskoðandi kann að lenda í og geta ógnað fylgni hans við grundvallarreglurnar. Það er því ekki nægilegt fyrir starfandi endurskoðanda að styðjast eingöngu við dæmin heldur skal úrlausnaraðferðunum beitt við þær tilteknu aðstæður sem upp koma.

Endurskoðandi skal ekki taka þátt í neinum viðskiptum, starfsemi eða atferli sem rýrir eða gæti kastað rýrð á heilindi, hlutlægni eða orðspor starfsgreinarinnar og væri því ósamrýmanlegt veitingu faglegrar þjónustu.

B- hluti reglnanna skiptist í nokkra kafla (kaflar 210 – 280) sem fjalla um tilteknar aðstæður sem geta skapað ógnanir við grundvallarreglurnar og hvernig endurskoðandi getur brugðist við, svo sem:

Samþykki viðskiptavinar – Afla upplýsinga um viðskiptavininn og kanna orðspor hans

Samþykki verkefnis – Meta hvort fullnægjandi þekking er fyrir hendi og nægilegur fjöldi starfsmanna

Skipt um endurskoðanda – Kanna ástæður hjá fyrri endurskoðanda áður en nýtt viðskiptasamband er samþykkt.



Hagsmunaárekstrar – Meta hvort slíkt er fyrir hendi

Þóknarir og aðrar tegundir umbunar – Gæta þess að uppsett þóknun sé nægilega há til að unnt sé að vinna verk samkvæmt gildandi kröfum og viðurkenndum stöðlum

Markaðssetning þjónustu – Forðast skal að mikla þá þjónustu sem boðin er og ekki hafa uppi niðrandi og órókstuddan samanburð við vinnu annarra

Gjafir og risna – Gæta skal að því hvort slíkt er viðeigandi eða innan hæfilegra marka

Eignavarsla fyrir viðskiptavin – Halda skal slíkum eignum aðskildum frá öðrum eignum endurskoðunarfyrirtækisins.

Langveigamestu kaflar B – hlutans eru kaflar 290 og 291 en þeir fjalla um óhæðiskröfur til endurskoðenda.

Fylgni við grundvallarregluna um hlutlægni er aukið með kröfunni um óhæði gagnvart viðskiptavinum í endurskoðun. Þegar um endurskoðunarverkefni er að ræða er það í þágu almannaheilla og því krafa siðareglanna að meðlimir endurskoðunarteyma, endurskoðunarfirmar og samstarfsfirmar endurskoðenda séu óháð viðskiptavinum í endurskoðun. Samkvæmt reglunum er krafist óhæðis í reynd og óhæðis í ásýnd og eru þessi hugtök skilgreind með eftirfarandi hætti:

Óhæði í reynd

Hugarástand sem gerir kleift að látið sé í ljós álit án þess að hafa orðið fyrir áhrifum sem stofna faglegu mati í hættu og gerir því einstaklingi kleift að starfa af heilindum og beita hlutlægni og faglegri dómgreind.

Óhæði í ásýnd

Forðast skal tengsl og aðstæður sem eru svo þýðingarmiklar að óvilhallur og upplýstur þriðji aðili væri líklegur til að álykta, á grundvelli staðreynda og aðstæðna, að heilindum, hlutlægni eða faglegri dómgreind fyrirtækis eða meðlims verkefnateymis hafi verið stefnt í hættu.

Í reglunum eru gerðar ríkari óhæðiskröfur þegar um er að ræða einingar sem tengjast umtalsverðum almannahagsmunum. Því þarf að beita auknum varúðarráðstöfunum við slíkar aðstæður. Tiltekin eru dæmi um aðstæður og tengsl sem geta skapað ógnanir við óhæði og hvernig bregðast skal við, svo sem:

- Fjárhagslegir hagsmunir
- Lán og tryggingar
- Náin viðskipta-, fjölskyldu og kunningjatengsl
- Meðlimur endurskoðunarteymis gerist starfsmaður viðskiptavinar
- Færsla bókhalds og gerð ársreikninga
- Skattaráðgjöf
- Innri endurskoðun
- Málafærslu- og lögfræðiþjónusta
- Fjármálaþjónusta

- Þjónusta vegna upplýsingakerfa
- Þóknarir – hlutfallsstærð heildarþóknunar
- Gjaldfallnar þóknarir (vanskil)
- Skilyrtar þóknarir
- Gjafir og risna

Dæmin lýsa hugsanlegum ógnunum sem geta skapast og varúðarráðstöfunum sem kunna að vera viðeigandi til að eyða ógnunum eða draga úr þeim svo þær verði ásættanlegar í hverju tilviki. Í raun verða fyrirtæki og meðlimir staðfestingarteymis að meta áhrif samsvarandi en ólíkra aðstæðna og tengsla til að ákvarða hvort varúðarráðstöfunum megi beita á fullnægjandi hátt til að bregðast við ógnunum við óhæði.

Þegar um einingar tengdar umtalsverðum almannahagsmunum er að ræða kann tiltekin þjónusta að vera óheimil eða einungis heimil í neyðartilvikum. Þegar unnið er fyrir slíkan aðila skal aðalendurskoðandi ekki sinna endurskoðunarverkefni fyrir hann lengur en sjö ár og eftir þann tíma skal viðkomandi endurskoðandi ekki koma að endurskoðunarverkefninu næstu tvö ár.

Í nýlegum lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 eru settar fram kröfur um að í endurskoðunarverkefnum skuli endurskoðandi og endurskoðunarfirmar vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Þar er jafnframt kveðið á um að við mat á óhæði skuli endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglanna sem Félag löggiltra endurskoðenda setur. Sérstök ákvæði eru í lögum um einingar tengdar almannahagsmunum, starfstíma endurskoðenda og þóknarir. Ákvæði laganna um óhæði eru samsvarandi þeim kröfum sem settar eru fram í reglum IFAC.

C hluti – Endurskoðendur sem starfa við annað en endurskoðun

Þessi kafli reglanna sýnir hvernig endurskoðendur sem starfa við annað en endurskoðun beita úrlausnaraðferðum sem fjallað er um í A hluta. Í kaflanum eru sett fram dæmi um aðstæður sem endurskoðandi getur lent í og geta ógnað fylgni við grundvallarreglurnar.

Rétt er að hvetja endurskoðendur til að kynna sér vel nýsamþykktar siðareglur FLE. Reglurnar munu án efa reynast mikilvægt hjálpartæki fyrir endurskoðendur til að meta alvarlegar ógnanir gagnvart óhæði og vera leiðbeinandi um það til hvaða varnaðarráðstafana er unnt að grípa til að eyða þeim eða draga úr þeim þannig að þær verði ásættanlegar. Reglurnar eiga að stuðla að því að störf okkar endurskoðenda njóti sem mests trausts. Traust er forsenda þess að við getum sinnt þeim mikilvægu skyldum í almannaðágu sem af stétt okkar er krafist.

Guðmundur Snorrason

Frá árs hátíð á Akureyri 2009 og heimsókn í Bruggsmiðjuna



Þórir og Margrét tóku á móti árs hátíðargestum.



Ómar og Guðmundur bregða á leik.



Gestir voru í góðu skapi.



Dýri, Davíð, Þórir og Sveinbjörn að gantast.



Prúðbúnir og flottir endurskoðendur.



Hallgrímur, Ólafur Viggó og Valdi Guðna voru á staðnum.



Nýtt endurskoðendaráð, hlutverk og starfsemi

Bjarnveig Eiríksdóttir er lögmaður og formaður endurskoðendaráðs

Í þessari grein verða rakin tildrög þess að endurskoðendaráði var fengið nýtt hlutverk, þessu hlutverki lýst og farið yfir verkefni ráðsins það sem af er þessu fyrsta starfsári.¹ Eins og nánar kemur fram eru þessar breytingar á eftirliti með endurskoðendum afleiðing alþjóðavæðingar viðskiptalífsins sem einkum má rekja til skuldbindinga Íslands á grundvelli samningsins um evrópska efnahagssvæðið og upptöku löggjafar Evrópusambandsins um endurskoðun í lög á Íslandi. Fyrirmynd að eftirlitsaðila þeim sem þar er mælt fyrir um má finna í öðrum ríkjum, s.s. í Bandaríkjunum en þar í landi var ákveðið með *Sarbanes-Oxley* lögunum² frá 2002 að m.a. skipa opinbera eftirlitsstofnun er hefði eftirlit með starfsemi endurskoðenda, svonefnt *Public Company Accounting Oversight Board* (PCAOB). Með þeirri tilhögun var eigið eftirlit endurskoðendastéttarinnar lagt af í Bandaríkjunum.

Tilskipun 2006/48/EB og lög um endurskoðendur nr. 79/2008

Þann 1. janúar sl. tóku gildi ný lög um endurskoðendur lög nr. 79/2008. Lögin fela í sér víðtækar breytingar á eldri lögum um endurskoðendur með það fyrir augum að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2006/48/EB *um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE*, svonefndrar 8. félagatilskipunar EB, sem tekin var upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar þann 8. desember 2006. Tilskipunin sem er endurskoðuð útgáfa eldri tilskipunar³ felur í sér töluverða útvíkkun á efni hennar og mikla en þó ekki fullkomna samræmingu krafna um lögboðna endurskoðun. Samkvæmt ákvæðum hennar er aðildarríkjum heimilt að ganga lengra en þar greinir nema annað sé tekið fram. Hjá Evrópusambandinu var unnið að tilskipuninni í skugga fjármálamisferla og bera ýmis ákvæði hennar þess merki.⁴ Þau mál sem oftast eru nefnd í þessu sambandi eru Parmalat - málið á Ítalíu og Ahold - málið í Hollandi en í báðum tilvikum höfðu endurskoðendur áritað reikningsskilin fyrirvaralausri áritun. Reikningsskilin reyndust síðan röng í veigamiklum atriðum og á engan hátt áreiðanleg sem grundvöllur að fjárhagslegum ákvörðunum fjárfesta. Hinni nýju tilskipun er einkum ætlað að koma á breytingum annars vegar varðandi skipulag mála um starfsstétt endurskoðenda, svo sem varðandi menntun, hvaða verkefni þeir meggi vinna og hvernig meggi tryggja óhæði þeirra til starfa og hins vegar að skerpa reglur um framkvæmd endurskoðunar og eftirlit með henni. Einn helsti tilgangur tilskipunarinnar er því að tryggja með betri hætti en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á störf endurskoðenda og koma þannig í veg fyrir fjármálamisferli innan Evrópusambandsins og í þeim EFTA ríkjum sem tekið hafa upp reglur sambandsins í þessum málaflokki.

Kröfur 8. félagatilskipunarinnar varðandi eftirlitsaðila

Hin nýja tilskipun skyldar EES ríkin til að koma á óháðum og fjárhagslega sjálfstæðum eftirlitsaðila sem hafi eftirlit með endurskoðendum, bæði hvað varðar menntun þeirra, skilyrði löggildingar sem og með störfum þeirra. Í tilskipuninni er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli skipuleggja skilvirkt kerfi fyrir opinbert eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum á grundvelli eftirlits í heimalandi. Hið opinbera eftirlitskerfi skal vera gagnsætt og vera fjármagnað á fullnægjandi hátt. Tilhögun reglusetningar vegna opinbers eftirlits skal stuðla að skilvirkri samvinnu á vettvangi bandalagsins/EES að því er varðar framkvæmd eftirlits í aðildarríkjum.

Gerðar eru kröfur um að meirihluti þeirra er taka þátt í stjórn hins opinbera eftirlits séu ekki starfandi sem endurskoðendur. Eftirlitsaðilinn skal hafa skilvirkar rannsóknar- og viðurlagaheimildir, til að finna, leiðrétta og koma í veg fyrir ófullnægjandi framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar. Tryggja skal gagnsæi í meðferð mála og er því gert ráð fyrir að almenningur verði

1. Efni þessarar greinar er að töluverðu leyti byggt á fyrirlestrum sem undirrituð flutti á hádegisverðarfundum hjá Félagi löggiltra endurskoðenda þann 2. september sl. og á ráðstefnu Viðskiptafræðideildar H.Í. „Endurskoðun á óvissutímum“ 16. október sl.
2. An Act to protect investors by improving the accuracy and reliability of corporate disclosures made pursuant to securities laws and for other purposes.
3. Eldri tilskipun var áttunda tilskipun ráðsins 84/253/EBE um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmæltu endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans. Efni hennar takmarkaðist við samræmingu á þeim hæfniskröfum sem gerðar eru til endurskoðenda, sem og kröfum um sjálfstæði þeirra og óhæði í starfi. Jafnframt setti framkvæmdastjórnin fram á grundvelli 211. gr. Rómarsáttmálans tilmæli þann 15. nóvember 2002 um gæðatryggingu lögboðinnar endurskoðunar í Evrópusambandinu sem og tilmæli 16. maí 2002 um óhæði löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu.
4. Endurskoðun eldri tilskipunar hófst þegar á árinu 1996 en þegar misferlismálin komu upp í byrjun þessarar aldar tók sú vinna mið af þeim lærdómi er draga mátti af þeim.

upplýstur með viðeigandi hætti um ráðstafanir sem gerðar eru og um viðurlög sem beitt er gagnvart endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.

Ef nauðsyn krefur vegna eftirlits og rannsóknar máls t.d. þegar starfsemi eftirlitsskylds aðila teygir sig yfir landamæri skulu eftirlitsaðilar í EES hafa með sér samstarf. Það er svonefnt heimaríki sem skal sinna eftirliti, þ.e. það ríki sem hefur viðurkennt viðkomandi endurskoðanda og þar sem hann hefur skráð skrifstofu. Gert er ráð fyrir að samstarfið felist í því að eftirlitsaðilar í EES skiptist á upplýsingum, sendi jafnvel upplýsingar að eigin frumkvæði og hafi með sér samvinnu við rannsókn mála í tengslum við framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar, viðurkenningu á starfsréttindum, gæðaeftirlit og önnur þau mál er upp geta komið við framkvæmd tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er einnig mælt fyrir um að lögbær yfirvöld, þ.m.t. eftirlitsaðilar í EES ríkjum geti sent tiltekna upplýsingar til lögbærra yfirvalda í ríkjum utan EES.

Flest ríki á EES svæðinu hafa nú þegar sett löggjöf til að koma ákvæðum tilskipunar 2006/48/EB til framkvæmda og hafa jafnframt tilnefnt eftirlitsaðila til að sinna lögboðnu eftirliti með endurskoðendum. Innan ramma tilskipunarinnar hafa ríkin tiltekið svigrúm til að ákveða fyrirkomulag eftirlitsins. Þau geta m.a. skipt hinum ýmsu þáttum eftirlitsins á mismunandi aðila eftir því hvernig slíkt fellur að stofnanakerfi í viðkomandi ríki. Sambærileg stjórnsýslunefnd og endurskoðendaráð er t.d. í Svíþjóð, þ.e. *Revisornämnden*, og í Bretlandi er eftirlitinu sinnt af *Professional Oversight Board* hjá *Financial Reporting Council*.

Ákvæði laga nr. 79/2008 um endurskoðendur varðandi tilhögun eftirlits með endurskoðendum

Samkvæmt áðurgildandi lögum um endurskoðun, var endurskoðendaráð eftirlitsaðili, sem hafði almennar eftirlitsskyldur, gat vísað málum til opinberrar rannsóknar, lagt til sviptingu réttinda við ráðherra og úrskurðað í deilumálum varðandi endurgjald fyrir störf endurskoðenda. Með nýju lögnum er starfssvið endurskoðendaráðs víkkað verulega til að taka mið að kröfum tilskipunar 2006/48/EB. Samkvæmt lögum nr. 79/2008 beinist starfsemi ráðsins aðallega að eftirfarandi:

- kröfum um nám, próf og skilyrði löggildingar endurskoðenda.
- eftirliti með starfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja.
- að sjá til þess að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar.

Starfsskyldum sínum sinnir endurskoðendaráð einkum með því að:

- gefa út eigin reglur eða gera tillögu til ráðherra um setningu reglna.
- sinna reglubundnu eftirliti, frumkvæðiseftirliti og rannsókn mála.
- fara með úrskurðarvald í kærumálum og ákvarða viðurlög.
- veita umsagnir og álit til stjórnvalda, ákærvalds og dómstóla.
- sinna samstarfi við Félag löggiltra endurskoðenda.
- sinna samstarfi við eftirlitsaðila í öðrum EES ríkjum og ríkjum utan EES.

Störf endurskoðendaráðs frá apríl til nóvember 2009

Endurskoðendaráð var skipað 1. apríl 2009 og hélt sinn fyrsta fund 14. maí s.á. Ráðið hefur haldið tólf fundi. Helstu verkefni ráðsins á þessum fyrstu mánuðum hafa verið eftirfarandi:

a. Löggildingarpróf – Ný reglugerð.

Ráðið gerði tillögu til ráðherra um nýja reglugerð um próf til öflunar endurskoðunarréttinda og tillögu að próftökugjaldi. Ný reglugerð nr. 589/2009 tók gildi 3. júlí 2009. Með henni er breytt fyrirkomulagi prófa. Lagt var af það fyrirkomulag að prófmenn tækju fjögur próf sem þeim var heimilt að taka á fjórum árum. Hið nýja fyrirkomulag gerir ráð fyrir einu verklegu prófi sem tekur tvo daga. Gert er ráð fyrir því að í löggildingarprófi verði framvegis lögð meiri áhersla á verklega kunnáttu til að nýta fræðileg þekkingu. Endurskoðendaráð gerði einnig tillögu til ráðherra um nýtt próftökugjald er tók mið af hinu nýja fyrirkomulagi og skipaði nýja prófnefnd til að annast framkvæmd prófa.

b. Viðurkenning á námi í íslenskum háskólum.

Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008 er skilyrði þess að aðili öðlist löggildingu að hann hafi lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði. Ráðið hefur kallað eftir gögnum frá íslenskum háskólum sem bjóða uppá meistaranám í endurskoðun og reikningsskilum og mun í framhaldinu meta hvort það fullnægi þeim kröfum sem gera verður til menntunar endurskoðenda, sbr. ákvæði laga nr. 79/2008 eins og þau verða skýrð í ljósi 8. félagatilskipunarinnar varðandi þær kröfur er gera verður til menntunar endurskoðenda.



c. Nýjar reglur um gæðaeftirlit og skipan gæðaeftirlitsmanna. Framkvæmd gæðaeftirlits.

Endurskoðendaráð hefur nýverið samþykkt nýjar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda sem bíða birtingar í Stjórnartíðindum. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir því að framkvæmdin verði að mestu óbreytt í ár og eru reglurnar því að fyrirmynd eldri reglna sem Félag löggiltra endurskoðenda setti. Gert er ráð fyrir því að taka framkvæmd gæðaeftirlits til gagnerrar endurskoðunar og að nýjar reglur verði settar að ári.

Endurskoðendaráð samþykkti á fundi sínum þann 25. september tilnefningu FLE á eftirlitsmönnum til að annast framkvæmd gæðaeftirlits. Ráðið hefur í samráði við gæðanefnd FLE haldið fundi með eftirlitsmönnum til undirbúnings eftirlitinu. Að loknu gæðaeftirliti FLE mun endurskoðendaráð fjalla um niðurstöður eftirlitsins og taka ákvörðun um viðeigandi eftirfylgni ef þörf krefur.

d. Reglulegt eftirlit með því að endurskoðendur hafi gilda starfsábyrgðartryggingu.

Í lok september sendi endurskoðendaráð 31 endurskoðanda bréf vegna þess að viðkomandi hafði ekki skilað inn fullnægjandi gögnum um að hann hefði í gildi starfsábyrgðartryggingu eins og áskilið er í lögum nr. 79/2008. Í framhaldinu mun ráðið eftir atvikum grípa til viðeigandi ráðstafana gagnvart þeim sem ekki hafa gildar tryggingar.

e. Umfang starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.

Samkvæmt lögum nr. 79/2008 ber endurskoðendum að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Endurskoðendaráð skal hafa eftirlit með því að endurskoðendur hafi starfsábyrgðartryggingu í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008. Ráðherra skal kveða á um í reglugerð lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar að fengnum tillögum endurskoðendaráðs. Upp er komin sú staða að tryggingafélög á Íslandi bjóða ekki uppá ábyrgðartryggingu endurskoðenda vegna ásetningsbrota. Hafa félögin borið því við að ekki fáiast endurtrygging vegna slíks tjóns. Endurskoðendaráð ritaði ráðherra bréf 2. september 2009 þar sem ráðið lýsti áhyggjum sínum vegna þessa og vandamála sem af þessu gætu hlotist.

f. Samvinna við lögbær yfirvöld í EES.

Endurskoðendaráð skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld í ríkjum innan EES, í aðildarríkjum EFTA eða í Færeyjum við eftirlit og rannsókn með störfum endurskoðenda. Á vettvangi ESB starfar sérfræðinganefnd (*European Group of Auditor Oversight Bodies*) sem m.a. vinnur að því að skilgreina nánar umfang samvinnu lögbærra yfirvalda. Endurskoðendaráð er þátttakandi í þessu samstarfi í gegnum EES samninginn. Ráðið hefur ekki enn sótt fundi en fylgist með þróun mála.

g. Önnur mál.

Á fundum sínum hefur endurskoðendaráð einnig fjallað um viðurkenningu hérlandis á námi við erlenda háskóla, þýðingarmál vegna setningar alþjóðlegra staðla og hvernig standa beri að innleiðingu staðlanna á Íslandi, setningu siðareglna í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda o.fl.

Lokaorð

Framundan er hjá endurskoðendaráði m.a. að undirbúa setningu nýrra reglna um gæðaeftirlit, að setja starfsreglur fyrir ráðið, að meta framlögð gögn íslenskra háskóla um nám í endurskoðun og reikningsskilum, að hefja reglubundið eftirlit með því að endurskoðendur uppfylli kröfur um endurmenntun, að annast eftirfylgni vegna reglulegs eftirlits með því að endurskoðendur hafi lögboðnar starfsábyrgðartryggingar og eftirfylgni vegna gæðaeftirlits sem nú er framundan hjá Félagi löggiltra endurskoðenda. Þar sem ráðinu ber að gæta gagnsæis við störf sín mun það m.a. gefa út skýrslu um störf sín og birta niðurstöður eftirlits. Munu þessar upplýsingar birtast á heimasíðu ráðsins sem nú er í undirbúningi.

Heimildir:

Frumvarp til laga um endurskoðendur (lagð fyrir Alþingi á 135. Löggjafarþingi 2007-2008.) Þskj. 827 – 526. mál.

Íslenskt viðskiptaumhverfi. September 2004. Álit nefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis.

Proposal for a directive of the European Parliament and of the Council on statutory audit of annual accounts and consolidated accounts and amending Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC. COM(2004) 177 final.

Cooperation between competent authorities within the EU. Working Document No. 5/2009. European Group of Auditors Oversight Bodies. Meeting on 9 November 2009.

Bjarnveig Eiríksdóttir

Úr félagslífinu



Gestabókin látin ganga.



Endurskoðendur eru duglegir að mæta.



Frá hádegisverðarfund, Reynir Vignir og fleiri hlusta af athygli.



Árni Tómasson stóð í ströngu á árinu sem formaður prófnefndar



Jólahlaðborð á síðasta hádegisverðarfund ársins.



Frá námskeiði á Grand hóteli.



Guðmundur Þorvarðarson og Guðjón Eyjólfsson.



Anna Sif og Kristín Halldórs brosa breitt.

Dagur	Viðburður	Staður	Form	Efni	Einingar
6. jan	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Siða / fagleg	1
14. jan	Siðferðileg álitaefni í endurskoðun	Grand hótél	Námskeið	Siða / fagleg	3
15. jan	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skatta / félaga	4
3. feb	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Siða / fagleg	1
18. feb	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	1,5
3. mars	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	1
18. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	1,5
7. apríl	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	1
15. apríl	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skatta / félaga	3
16. apríl	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
5. maí	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	1
20. maí	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Reikningsskil	1,5
2. júní	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	1
16. júlí	Afmæli FLE	Hótél Borg	Afmælisveisla	Fagnaður	
1. sept	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	1
23. sept	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
24. sept	Afmælisráðstefna	Hilton Rvk. Nordica hótél	Ráðstefna	Óákveðið	4
6. okt	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	1
21. okt	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	1,5
3. nóv	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	1
5. nóv	Haustráðstefna / reikningsskiladagur	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningsskil	4
5. nóv	Aðalfundur	Grand hótél	Fundur	Siða / fagleg	3
11. nóv	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
1. des	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Siða / fagleg	1
10. des	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skatta / félaga	3

FLE stefnir að því að bjóða upp á 50 endurmenntunareiningar árið 2010.

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á vef FLE. www.fle.is